

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

FEBRÚAR 2020

FRÍTT
EINTAK



**VIRÐING
SAMVINNA OG
FRUMKVÆÐI
Í 60 ÁR**





HEKLA

Minnkaðu
kolefnissporið
með **vistvænum**
kosti frá HEKLU

www.vistvaenir.is



Formannspistill	4	Myndir úr 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra	27
Pistill framkvæmdastjóra	4	Íslenskukennsla döff nýbúa	28
Stiklað á stóru um þróun Félags heyrnarlausra	6	Barnahornið	30
Sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknaáhrifa	8	Perlan bauð döff í heimsókn	32
Góðar stundir í vorferð eldri döff	10	Samskiptamiðstöð - Aðdragandi, stofnun og verkefni í upphafi	34
Meistari Eyrún Ólafsdóttir	12	Maður ársins 2020	39
Ísland í stjórn Alheimssamtaka heyrnarlausra: World Federation of the Deaf (WFD)	16	Viðtal við nýjan forstöðumann SHH	40
Táknáhrifaáhrifa skrifa	18	Rannsóknir á íslensku táknaáhrifa (ÍTM)	44
Tilkynninga- og fréttahornið	20	Hvað er gott líf aldraðra döff?	48
Döff Norðurlandabúar og loftslagskvíðinn	22	Snædís Björt Guðmundsdóttir „Snæja - Arctic beast“	50
Leikhús eru líka fyrir döff-leikara	24		

Ritstjórapistill



Þórður Örn Kristjánsson
Ritstjóri
thok@hi.is

Á stórafmælisári Félags heyrnarlausra hafa verið margar og fjölbreyttar upptökur. Má þar nefna spurningakeppni, hrekkjavöku, jólaball, leiklistarnámskeið fyrir börn og heimsókn í Perluna.

Döffblaðið er því veglegt í ár. Sem ritstjóri er það mitt verkefni að finna efni í blaðið og hef ég reynt að hafa eitthvað fyrir alla hópa döff og aðra lesendur.

Ég vil þakka öllum viðmælendum og þeim sem lögðu hönd á plóg við gerð blaðsins og vonast ég til að fólk hafi gagn og gaman að lestri þess.

Blaðið er stúfult af bæði skemmti- og fræðsluefni enda fara margar rannsóknir fram á ÍTM þessi misserin sem vert er að kynna sér.

Á 60 ára tímamótum félagsins sér maður svart á hvítu hvers konar grettistaki fyrstu formenn og stjórnir lyftu með baráttu sinni fyrir döff.

Munum kærur félagsmenn að við sjálf erum félagið og megum ekki láta deigan síga, vinnum saman og höldum áfram að standa vörð um tungumál okkar og réttindi. Til hamingju með afmælið!

Virðingarfyllt,
Þórður Örn Kristjánsson



1. tölublað | 21. árgangur
ISSN 1670 - 5013

Útgefandi
Félag heyrnarlausra

Skrifstofa
Þverholt 14
105 Reykjavík
Sími: 561-3560
deaf@deaf.is
www.deaf.is

Ritstjóri
Þórður Örn Kristjánsson
thok@hi.is

Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta og breyta innsendum bréfum og greinum í blaðið ef þörf þykir. Skoðanir einstakra höfunda eru ekki endilega skoðanir félagsins eða ritstjóra.

Framkvæmdastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Ábyrgðarmaður
Heiðís Dögg Eiríksdóttir
heiddis@deaf.is

Auglýsingastjóri
Daði Hreinsson
dadi@deaf.is

Ljósmynd á forsiðu
Hanna Kristín Jónsdóttir
Á myndinni eru Ásta Sigfúsdóttir fædd 1930 og Hannes Víðir Sindrason fæddur 2018

Ljósmyndir
Þórður Örn Kristjánsson
og aðrar aðsendar myndir

Aðsendar myndir og greinar
doffbladid@deaf.is

Prófarkalestur
Vala Gísladóttir

Umbrot og prentvinnsla
LITRÓF
Umhverfissvottuð prentsmiðja
Vatnagarðar 14
104 Reykjavík
Sími: 563 6000

Fyrirspurnir um
heimsendingu blaðsins
doffbladid@deaf.is

Upplag
800 eintök



Fylgist með okkur
@deaf.is



Fylgist með okkur
facebook.com/felagheyrnarlausra

Formannspistill



Heiðís Dögg Eiríksdóttir
Formaður
heiddis@deaf.is

Til hamingju með félagið þitt, afmælisár Félags heyrnarlausra.

Í ár fagnar félagið 60 árum og því ber að fagna, við fögnum alltaf hverju ári og enn meir hverjum áratug. Félagið hefur styrkst, þroskast og barist ötullega í gegnum árin. Það er ekki sjálfgefið að félagsamtök nái að eldast svona vel, kjarninn er hjartað sem slær í félaginu.

Hvað á ég við? Ég á við félagsmenn og þá sem vinna fyrir hagsmuni þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta í daglegu lífi. Það sem lætur hjörtu innan félagsins slá í takt er sameiginleg markmið, jafningjastuðningur, skilningur, menningararfur og tungumálið. Félagið hefur fengið á sig högg í gegnum árin en alltaf slær hjartað áfram og félagið lætur ekki buga sig. Hvað getur þú kæri lesandi gert fyrir

félagið þitt? Ég get gefið þér hugmynd, hugsaðu ef félagið væri ekki til, hvað hefði ekki áunnist. Til dæmis lög um íslenska tungu og íslenska táknmálið, aðgengi að táknmálistólki, aðgengi að menntun, réttur til að keyra bíl, lög um réttindi sjúklunga, aðgengi að neyðarþjónustu, bætt viðhorf gagnvart döf og táknmálinu, aðgengi að döf mannamótum frá vöggju til grafar víðs vegar um heiminn eins og íþróttamót, ráðstefnur, barna- og unglingamót og margt fleira. Íslenska táknmálið og döf menningararfurinn er svo verðmætur og það er á færi fárra að geta tilheyrt tveimur menningarheimum og það gefur okkur svo mikið og um að gera að nýta sér þessa krafta til góðs ☺

Virðingarfyllst

Heiðís Dögg Eiríksdóttir

Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson
framkvæmdastjóri
dadi@deaf.is

Gleðilegt ár kæru döf félagsmenn og aðrir landsmenn.

Ég fékk þann heiður á sínum tíma þegar Félag heyrnarlausra hélt upp á 50 ára stórafmælið sitt að skipuleggja dagskrána í samstarfi við þáverandi stjórn félagsins. Gekkt dagskráin fullkomlega upp sem var eins og þriggja daga karnival með yfir 300 manna afmælisveislu, 40 manna erlendri ráðstefnu, bókaútgáfu og svo galaveislu í Rubín í Öskjuhlíð.

Allt gekk þetta frábærlega í alla staði en nú stuttu seinna er félagið orðið 10 árum eldra.... *Hvert fór tíminn?!*

Segja má að félagið hafi þroskast mjög og starfsemin og rekstur þess verið í mjög traustu og yfirveguðu umhverfi. Aldrei hafa fleiri starfað hjá félaginu en nú. Aldrei hefur hlutfall döf starfsmanna á móti heyrandi verið jafn hátt og samsetning stjórnarinnar er bæði góð kynjahlutfallslega og vel virkir einstaklingar í hverri stöðu. Þetta er auðvitað að skila góðu félagi í hús og t.a.m. er félagið með mjög mörg mál í rekstri hjá lögfræðingi félagsins, Karólínu Finnbjörnsdóttur til að sækja stíft að réttindum sem við í döf samfélaginu viljum ná í gegn til að efla okkur í daglegu lífi á vinnumarkaði sem og aðgengi að fjölmiðlum, tülkaþjónustu og velferðarmálum.

Vinnur Heiðís formaður ötullega með lögmanni félagsins og í gegnum málnefnd um íslenska táknmálið sömuleiðis.

Félagið hefur á þessum 10 árum eignast að nýju eigið húsnæði og getur boðið félagsmönnum sínum aðstöðu sem er við bestu aðstæður og því ber auðvitað að gleðjast yfir.

60 ára tímamót Félags heyrnarlausra fær okkur til að setja okkur í spor þeirra sem stofnuðu félagið á sínum tíma, tíma þar sem aðgengi heyrnarlausra að tækni var ekkert, oralisminn í öndvegi og tækifærin svo ofboðslega fá. Samt talar þetta fólk með hlýju um þessa tíma þar sem þau byggðu upp félagið með berum höndum, byggðu og innréttuðu félagsheimili sitt með hugsjón um betri tíma fyrir döf sem svo sannarlega má hugsa til með hlýhug og þakklæti fyrir framlag sitt á þeim tíma.

Ætla ég að taka hatt minn ofan fyrir öllum döf og lyfti honum kannski örlítið hærra fyrir fólkinu sem stóð fyrir stofnun félagsins í tilefni tímamótanna. Til hamingju með Félag heyrnarlausra og til hamingju með 60 árin!

Virðingarfyllst,

Daði Hreinsson

FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætvæfnis í tyggigúmmii

Stiklað á stóru um þróun Félags heyrnarlausra

Formenn, stjórnir og hin ýmsu málefni síðustu sex áratuga

— Höfundar: Hjördís Anna Haraldsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson —

Félag heyrnarlausra var stofnað til að veita döff einstaklingum stað til að hittast á og koma þannig í veg fyrir einangrun döff í samfélaginu, fyrsti formaður var Guðmundur Björnsson. Mikið vatn hefur runnið til sjávar á 60 árum og í dag, árið 2020, er Félag heyrnarlausra á Íslandi eitt sterkasta hagsmunafélag döff í Evrópu.

Á 60 ára afmælinu er gott að rifja upp hverjir hafa verið í forsvari fyrir félagið öll þessi ár og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Margir hafa einnig komið að hinum ýmsu stjórnnum og nefndum sem of langt mál yrði að telja upp. Margir varamenn hafa líka lagt sitt af mörkum. Hér verður því stiklað á stóru en áhugasamir eru hvattir til að kynna sér bókina *Saga heyrnarlausra á Íslandi* frá árinu 2010 þar sem farið er ítarlega í þróun félagsins og menningar heyrnarlausra á Íslandi.

Farið er yfir hvern áratug fyrir sig og staðsetning félagsins, formenn, varaformenn, stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjórum taldir upp. Einnig er minnst lítillaga á sérstök tímamót eða sigra fyrir félagið. Einhverjar villur gætu hafa slæðst inni grein þessa enda margar heimildir orðnar gamlar og beðist er velvirðingar á því.



Margir döff samankomnir á döfímóti.

Árin 1960-1970:

Fyrsta áratug félagsins var reynt að halda fundi tvisvar sinnum í mánuði yfir vetrartímann. Oftast voru spilakvöld, sýndar kvikmyndir eða aðrar skemmtanir fyrir

félagsmenn. Fjáröflun fór fram með sölu á gosdrykkjum og bingóspjöldum á þessum fundum. Fyrsta baráttumál félagsins var þegar breytingar á umferðarlögum áttu sér stað 1965 en fram að þeim tíma máttu heyrnarlausir ekki aka bíl á Íslandi. Félagið beitti sér fyrir því að fá þessu breytt og 1. maí 1965 var löglegt fyrir heyrnarlausra að taka bílpróf. Á árunum 1963-1964 fæðast mörg heyrnarlaus börn eftir faraldur rauðra hunda á landinu.

Staðsetning: Málleysingjaskólanum, Stakkholti 3, Rvk, Brautarholt 20, Rvk leigt til skamms tíma.

Formenn: Guðmundur Björnsson 1960-1964, Ólafur Guðmundsson 1965, Daníel Jensson 1966-1971.

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Jón Leifur Ólafsson, Markús Loftsson, Hervör Guðjónsdóttir, Brandur Jónsson, Sigurborg Skjaldberg, Árni Þór Sigurbjörnsson, Guðrún K. Sigurmarsdóttir, Marteinn Friðjónsson og Stefanía Jónsdóttir.

Árin 1970-1980:

Talsverðar breytingar urðu á félaginu á þessum árum. Fyrsta sinn sem varaformaður félagsins var kosinn var árið 1970 og eru þeir taldir upp hér eftir. Heyrnleysingjaskólinn í Vesturhlíð stofnaður 1971. Framkvæmdanefnd var stofnuð 9. mars 1975 í samstarfi við Félag heyrnarlausra og Foreldra- og styrktarfélag heyrnarlausra. Stofnendur og fyrsta stjórn framkvæmdanefndar voru: Pétur Gunnarsson, Hervör Guðjónsdóttir, Vilhjálmur G. Vilhjálmsson, Jón Erlings Jónsson, Vilhjálmur B. Vilhjálmsson og Guðmundur Egilsson. Verkefni nefndar var að vinna að öflun fjár sem verja skyldi m.a. til aukinna samskipta við Norðurlönd og önnur lönd. Einnig átti nefndin að sjá um námskeiðahald, útgáfu táknmálsbókar og fleiri verkefni. Fyrsti starfsmaður félaganna var Þuríður Jónsdóttir kennari.

Í september 1977 byrjaði Anna María Einarsdóttir í hlutastarfi og tók virkan þátt í störfum framkvæmdanefndar (ásamt Berglinni Stefánsdóttur). Fyrsta Döfblaðið kom út 1976.

Í byrjun áratugarins var stofnað til sölu happdrættismiða sem gekk vel og varð að árlegu verkefni félagsins. Hæppdrætti heyrnarlausra er enn mikilvæg fjárflyunarleið fyrir félagið en með því náði það að safna í sjóð til húsnæðiskaupa. Þann 26. ágúst 1977 keypti félagið miðhæð í húsinu að Skólavörðustíg 21 (150 fm² og 3 m loft-hæð). Kaupverð var 9,2 milljónir króna en eignin var laus til afnota 15. október 1977. Félagið vantaði þó fjármagn til útborgunar við kaupin og brugðu hjónin Hervör og Guðmundur á það ráð að selja nýlegan bíl sinn og lána félaginu það sem upp á vantaði. Fórnfýsi félagsmanna þess tíma er aðdáunarverð. Hervör Guðjónsdóttir formaður Félags heyrnarlausra var fyrsti fulltrúi döff Íslendinga í DNR 1974.



Útgáfustjórn Döfblaðs 1976. Sigríður Borg Harðardóttir, Vigfús Hallgrímsson, Ingibjörg Andrésdóttir, Jóna Guðrún Skúladóttir og Katla Þórðardóttir.

Staðsetning: Heyrnleysingjaskólinn í Öskjuhlíð Rvk 1970-1977, Skólavörðustíg 21 Rvk 1978-1981.

Formenn: Daniel Jenssen 1966-1971, Böðvar Árnason 1972, Marteinn Friðjónsson 1973, Hervör Guðjónsdóttir 1974-1982

Varaformaður: Hreinn Guðmundsson 1970-1974, Vilhjálmur G. Vilhjálmsón 1975, Viðar Guðbjartsson 1976, Gunnar Arnarsson 1977, Daníel Jensson 1979-1981

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Sigurborg Skjaldberg, Árni Þór Sigurbjörnsson, Kolbrún Hreiðarsdóttir, Anna Jóna Lárusdóttir, Friðjón Erlendsson, Jósep Helgason, Ingibjörg Andrésdóttir, Gunnar Arnarsson, Viðar Guðbjartsson, Vilhjálmur G. Vilhjálmsón, Baldur Snæhólm Einarsson, Vigfús Hallgrímsson, Árni Þór Sigurbjörnsson, Sigríður Borg Harðardóttir, Berglind Stefánsdóttir, Grétar Th. Jónsson og Stefanía Jónsdóttir.

Árin 1980-1990:

Félagstarfsemi lagðist niður í um 3 mánuði frá áramótum 1980 vegna úrbóta á húsnæðinu á Skólavörðustíg 21. Eftir úrbætur var eignin seld og Félag heyrnarlausra kaupir Klapparstíg 28, tæplega 800 fm² sem gjörbreytir aðstöðu heyrnarlausra á Íslandi. Tákn málsfréttir birtast í Ríkissjónvarpinu í fyrsta sinn 1980. Félagið heldur áfram að þróast og vaxa á þessum áratug en Félag heyrnarlausra gerist aðildarfélagi að ÖBÍ þann 17. mars 1982. Heyrnarleysi var þá metið sem 50% örorka í kjölfarið. Lög um stofnun Samskiptamiðstöðvar samþykkt af alþingi 1990.



Tákn málsfréttir birtast 1980.

Staðsetning: Skólavörðustíg 21 Rvk 1978-1981, Klapparstíg 28 Rvk 1982-1993.

Formenn: Hervör Guðjónsdóttir 1974-1982, Vilhjálmur G. Vilhjálmsón 1983-1987, Haukur Vilhjálmsón 1988.

Varaformenn: Daniel Jenssen 1979-1981, Vilhjálmur G. Vilhjálmsón 1982, Rafn Einarsson 1983-1984, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir 1985, Anna Jóna Lárusdóttir 1986-1988, Gunnar Arnarsson 1989.

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Vilhjálmur G. Vilhjálmsón, Vigfús Hallgrímsson, Böðvar Árnason, Ingibjörg Andrésdóttir, Árni Þór Sigurbjörnsson, Sverrir Gunnarsson, Þórdís Þórðardóttir, Gunnar Arnarsson, Daniel Jenssen, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðbjörn Sigurgeirsson, Þórhallur Arnarsson, Baldur Einarsson, Olgeir Jóhannesson, Júlía G. Hreinsdóttir, Svava Jóhannesdóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Kristín Friðriksdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, María Jóhannsdóttir og Guðrún Hafliðadóttir.

Árin 1990-2000:

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) stofnuð 1991. Sama ár kom ritsíminn til sögunnar og tilraun til textunar sjónvarpsefnis á textavarpinu. Samtök heyrnarlausra samkynhneigðra voru stofnuð 1994. Berglind Stefánsdóttir varð fyrsti döff skólastjóri Vesturhlíðarskóla árið 1997. Tákn málstúlkar útskrifast. Eftir breytingar á lögum um örorkubætur 1999 var heyrnarleysi metið sem full örorka, 75%. Kosningaframboðsræður voru í fyrsta sinn tákn málstúlkaðar árið 1999.



Kennarar Vesturhlíðarskóla fagna Berglinni Stefánsdóttur sem nýjum skólastjóra.

Staðsetning: Klapparstíg 28 Rvk, Laugaveg 26 Rvk 1993-2000.

Formenn: Berglind Stefánsdóttir 1996-2006.

Varaformenn: Júlía G. Hreinsdóttir.

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðmundur Ingason, Jóna G. Skúladóttir, Ingibjörg Andrésdóttir, Margareth Hartveldt, Haukur Vilhjálmsón, Guðrún Ólafsdóttir, Unnur Dóra Norðfjörð og Guðrún Ólafsdóttir.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Hermansson/Hafðís Gísladóttir 1997-2005.

Árin 2000-2010:

Myndsími tekinn í notkun árið 2000 á 40 ára afmæli félagsins. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir fyrst heyrnarlausra til að setjast á Alþingi 2003. Alþingi samþykkir að borga fyrir túlkapjónustu í daglegu lífi 2004. Dómur fellur í Héraðsdómi Reykjavíkur um að borgin greiði túlkapjónustu á foreldrafundum grunnskólubarna árið 2005.



Nýtskrifaðir tákn málstúlkar árið 1997/8. Frá vinstri Valgerður Stefánsdóttir, Margrét Auður Jóhannesdóttir, Árný Guðmundsdóttir, Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, Sigrún Edda Theodórsdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Haukur Vilhjálmsón.

Staðsetning: Laugaveg 103 Rvk 2000-2005, Suðurlandsbraut 24 Rvk.

Formenn: Berglind Stefánsdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir 2006-2009, Haukur Vilhjálmsón 2009, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir 2009-.

Varaformenn: Júlía G. Hreinsdóttir, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir 2008, Guðmundur Ingason 2009.

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, Guðrún Ólafsdóttir, Unnur Dóra Norðfjörð, Ragna Magnúsdóttir, Anna Jóna Jónsdóttir, Haukur Vilhjálmsón,

Elsa G. Björnsdóttir, Kristín Friðriksdóttir, Gunnar Björn Jónsson, Sunna Davíðsdóttir, Hjördís Anna Haraldsdóttir og Magnús Sverrisson.

Framkvæmdastjóri: Hafdís Gísladóttir, Kristinn Jón Bjarnason 2005-2007, Daði Hreinsson 2008-

Árin 2010-2020:

Mikilvægur áratugur fyrir döff. Þann 9. júní 2011 var ÍTM viðurkennt sem fyrsta mál döff af Alþingi. Félagið kaupir svo nýtt húsnæði undir starfseminu í Þverholti 14 árið 2013 en þar starfa sjö manns.

Stjórnendur sækja fundi erlendis og halda fundi fyrir erlenda heyrnarlausra. Félagið er meðlimur í Dövas Nordisk Råd (DNR),

European Union of the Deaf (EUD) og World Federation of the Deaf (WFD) en Hjördís Anna Haraldsdóttir var kosin í stjórn Alheimssamtaka heyrnarlausra (WFD) árið 2019. Félagið er einnig með fulltrúa sem sækja ÖBÍ aðalfund og stefnumót. Formaður situr í málnefnd um íslenskt táknmál sem var skipaður í kjölfar lagasetningu um íslensku og íslenskt táknmál. Oft er leitað til félagsins eftir umsögnum eða vegna samráðs við stjórnvöld. Fyrst og fremst stendur Félag heyrnarlausra styrkan vörð um íslenskt táknmál og mannréttindi döff samfélagsins.

Staðsetning: Grensásvegi 50 Rvk, Þverholt 14 Rvk.

Formenn: Heiðdís Dögg Eiríksdóttir.

Varaformenn: Guðmundur Ingason, Hjördís Anna Haraldsdóttir 2016.

Stjórnarmenn (meðstjórnendur, gjaldkeri, ritari): Kolbrún Völkudóttir, Bernharð Guðmundsson, Hjördís Anna Haraldsdóttir, Gunnar Snær Jónsson, Hanna Lára Ólafsdóttir, Nathaniel Doyle Munchie, Ingibjörg Andrésdóttir, Sigríður Vala Jóhannsdóttir, Anna Jóna Lárusdóttir, Þórður Örn Kristjánsson, Eyrún Ólafsdóttir og Uldis Ozols.

Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson.

Sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls undirritaður

Þann 11. febrúar síðastliðinn var undirritaður á Bessastöðum „Sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls“.

Forseti Íslands ásamt ráðherrum, ráðamönnum helstu menntastofna er hafa hag íslenska táknmálsins á herðum sínum, Vigdísí Finnbogadóttur fyrrum forseta og verndara Norræna táknmálsins auk formanns Félags heyrnarlausra, undirrituðu sáttmálann í tilefni af Degi íslenska táknmálsins og 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra sem fagnaði afmæli sínu þann 11. febrúar sl.

Alheimssamtök heyrnarlausra gáfu út sáttmála um rétt allra til táknmáls árið 2019. Þar er farið yfir rétt til táknmáls, mikilvægi táknmálsumhverfis og að þeir sem reiða sig á táknmál hafi jöfn tækifæri á við aðra. Félag heyrnarlausra er mjög stolt af því að Ísland er fyrsta landið til að fá þennan sáttmála undirritaðan af þjóðhöfðingja landsins, ráðamönnum og öðrum hagsmunaaðilum.

Lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál voru samþykkt á Alþingi 27. maí 2011, en talið er að um 300 einstaklingar



reiði sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta. Málhafar þessa tungumáls eru því fáir og mikilvægt er að ríki og stjórnvöld taki höndum saman og styðji og efla tungumálið svo það nái að lifa og berast áfram til næstu kynslóða. Í dag eru örfáir opinberir staðir þar sem íslenska tákn-

málið fær að njóta sín sem fyrsta mál og má þar nefna Félag heyrnarlausra, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Háskóla Íslands, leikskólann Sólborg, Hlíðaskóla og Málnefnd um íslenskt táknmál.

VIÐ ÞÖKKUM ÞEIM SEM STYRKTU ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS



Páttakendur í Bessastaðaheimsókn ásamt forsetanum.



Góðar stundir í vorferð eldri döff

— Höfundar og ljósmyndir: Guðbjörn Sigurgeirsson (Bubbi) og Sr. Kristín Pálsdóttir —

Eldri borgarar döff hittast alla miðviku-daga í Gerðubergi. Þetta eru skemmtilegar stundir þar sem við njótum þess að hittast og eiga góða stund saman.

Á hverju ári lýkur starfinu með vorferð. Síðastliðið vor fórum við á Bessastaði og í Perluna. Við fórum á Bessastaði 29. maí þar sem Friðbjörn B. Möller umsjónarmaður fasteigna tók á móti okkur. Hann leiddi okkur um húsið og fræddi okkur um sögu Bessastaða. Hápunktur heimsóknarinnar var þegar Guðni forseti kom og heilsaði upp á okkur. Í þakklætisskyni færðum við honum lykklakippu döff og jafnframt gáfum við börnunum hans

bókina hennar Bryndísar Guðmundsdóttur *Einstök mamma*.

Frá Bessastöðum lá leið okkar í Perluna. Við byrjuðum á því að fara út á útsýnispallinn þar sem við fengum okkur samlokur og gos. Síðan fengum við leiðsögn um Perluna. Við gengum um náttúruminjasafnið undir góðri leiðsögn og nutum þess að skoða þetta frábæra safn. Þá skoðuðum við einnig Áróru, norðurljósasýninguna í stjörnuveri, þar sem við fórum í sýndarferð um himingeiminn. Þar ferðuðumst við um einstaka náttúru Íslands og upplifðum norðurljósinn í sinni fegurstu mynd og sáum hvernig norður-

ljósinn verða til og af hverju. Við fórum líka í íshellinn sem er fyrstur sinnar tegundar í heiminum. Hann er yfir 100 metra langur og er byggður úr rúmlega 350 tonnum af snjó og ís úr Bláfjöllum.

Eftir þessa skemmtilegu og fróðlegu skoðunarferð var komið að því að fara upp á efstu hæðina í Perlunni þar sem við gæddum okkur á kaffi og tertusneið og nutum þess að horfa á fallega útsýnið og eiga notalega stund saman. Þetta var ljúfur og eftirminnilegur dagur í skemmtilegum félagsskap.




Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ásamt táknmálstúlk á Bessastöðum.





Sérhæfðar lausnir í iðnaðarhurðum, flekahurðum og hraðopnandi dúkhurðum, sniðið eftir þörfum viðskiptavinarins. Fjölbreytt úrval af árekstrarvörnum.

Ljósvirki ehf. býður upp á allt sem við kemur lagningu og tengingu ljósleiðarakerfa.



Ljósvirki ehf.

Álfhelli 6 - 221 Hafnarfirði - Sími 595 1500

www.ljosvirki.is

Meistari Eyrún Ólafsdóttir

Þann 22. júní 2019 var brotið blað í sögu menntunar heyrnarlausra þegar Eyrún Ólafsdóttir varði meistararitgerð sína við Háskóla Íslands með táknmálstúlk og raddtúlk fyrir þá sem ekki kunnu tákn-mál. Útskrifaðist Eyrún með M.Ed gráðu frá menntavísindasviði. Okkur langaði að vita meira um hvernig námið og vörnin fóru fram og settumst því niður með Eyrúnu.

Nú hefur þú notast við táknmálstúlk í tímum og til samskipta við kennara og leiðbeinendur. Hvernig gengu tjáskiptin? Það gekk ágætlega. Túlkur veitir mér aðgengi í náminu þannig að ég gat haft samskipti við aðra, bæði nemendur og kennara. Ef túlkur væri ekki til staðar þá gæti ég ekki stundað nám. Með túlk hef ég aðgengi til fjafns við aðra.

Hefðir þú viljað gera þetta eitthvað öðruvísi? Ég kvarta ekki undan þjónustu í Háskóla Íslands. Þar er jákvætt andrúmsloft og gott viðhorf gagnvart táknmáli sem ég er mjög ánægð með.

Það er ánægjulegt hvað Háskóli Íslands er meðvitaður um táknmálið, frábær þjónusta þar. Hvað heitir ritgerðin og um hvað fjallaði rannsóknin hjá þér?

Ritgerðin heitir „Byrjendalæsi sem brú milli íslensks táknmáls og íslensks ritmáls:

Reynsla döff kennara”. Rannsóknin sjálf er starfendarannsókn þar er gert grein fyrir aðferðinni, nemendunum sem unnið var með og mismunandi stöðu þeirra og samstarfsaðilum.

Áhugavert efni, fengust einhverjar niðurstöður?

Rannsóknin sjálf gefur ekki beinar niðurstöður heldur bendir á að mikilvægt sé að tvinna saman ólíkar leiðir til tjáningar í lestrarkennslunni sjálfri; ritun, lestur og samskipti í gegnum táknmál til að gefa nemendum tækifæri til að setja merkingu í hið ritaða form íslenskunnar og geta nýtt sér það til félagslegra samskipta.

Það er því best að nota nokkrar tjáningaraðferðir samtímis svo besti árangur náist í íslenskukennslu döff. Hvað gerir þú í dag Eyrún og hvernig nýttist námið þér í starfi þínu?

Í dag er ég að vinna við að kenna döff nemendum. Námið veitti mér meiri meðvitund með því að ígrunda hvernig á að kenna döff einstaklingum íslenska ritun og lestur. Ég mun halda áfram að þróa kennslu. Það ferli er ekki búið og þróunin heldur áfram.

Getur þú sagt okkur frá og útskýrt hvernig vörnin fór fram hjá þér og hvernig hún gekk?

Ég kynnti vörnina mín á málstofu í maí.



Meistari Eyrún Ólafsdóttir með M.Ed skirteinið sitt.

Ég tjáði mig með táknmáli og raddtúlkur túlkaði fyrir fólk í salnum sem kunni ekki táknmál. Það gekk mjög vel. Mér leið vel að kynna þó ég væri dálítið stressuð en kynningin heppnaðist vel. Ég kynnti líka verkefnið mitt í Menntakvikku þann 4. október. Einnig kynnti ég verkefni mitt fyrir starfsfólki á mínum vinnustað og fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH).

Hvaða ráð hefur þú fyrir döff sem vilja sækja sér háskólamenntun?

Að döff geta stundað nám alveg eins og aðrir þegar táknmálstúlkur er til staðar. Mikilvægt að yngri döff nemendur læri að lesa til að fá orðaforða til að öðlast lesskilning svo þeir geti tjáð sig með ritun. Þannig að döff geta lært allt sem þau hafa áhuga á og náð í ýmsa þekkingu með táknmálstúlk. Auk þess geta þau skilað verkefnum í videó þar sem Háskóli Íslands viðurkennir táknmál sem tungu-mál. Þau velja þá hvort þau skila með ritun eða tjáningu á táknmáli í videó. Þetta er jákvætt fyrir fólk sem hefur táknmáls-kunnáttu.

Eyrún ásamt móður sinni Guðrúnu Tyrfingsdóttur og börnunum sínum Ólöfu P. Pétursdóttur og Inga Péturssyni á útskriftardaginn.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Sportjeppi fjölskyldunnar **RAV4**



RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.

RAV4 Hybrid – verð frá: 6.190.000 kr.

RAV4 er bíll ársins í sínum flokki og fylgir fjölskyldunni árið um kring – hvert sem ferðinni er heitið. Fjölhæfur sportjeppi sem aldrei klikkar á að koma með í lautartúrinn, skíðabrekkuna, veiðitúrinn og íþróttamótin allan hringinn.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Landsbankinn fellir niður lántökugjöld af nýjum Hybrid-bílum frá Toyota á Íslandi – enda eru þeir kolefnisjafnaðir að fullu í samstarfi við Kolvið. Við fögnum þessu fagurgreana skrefi í átt að vistvænni bílakaupum. **Sjá nánar á toyota.is**



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Hver eru þín framtíðaráform Eyrún?

Ég held áfram að kenna eins og ég hef gert undanfarin 21 ár í grunnskóla. Ég veit þó ekki hvað framtíðin ber í skauti sér og hvernig þróun nemendafjölda verður í þeim hópi sem ég kenni.

Eitthvað sem þú vilt deila með lesendum?

Hugmynd mín er sú að nemendur Háskólans, í grunnnámi, framhaldsnámi eða túlkanemar gætu skilað myndbandsverkefnum í staðinn fyrir á rituðu formi. Ég vil benda á að táknmál er ekki bara fyrir heyrnarlausar og heyrnarskerta heldur líka fyrir heyrandi. Þetta er eins og önnur tungumál t.d. enska, franska, kínverska og fleiri. Þannig að ég mæli með táknmáli fyrir alla, af því að táknmál er fullgilt mál.



Eyrún ásamt táknmálstúlkinum Margræti Baldursdóttur og leiðbeinendum sínum þeim Hafðísi Guðjónsdóttur og Karenu Rut Gísladóttur.

Ég sé fyrir mér að ef heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur væru fleiri gætu þau haft meiri félagsleg samskipti á sínu tungumáli, sem sagt íslensku táknmáli, og veitt hvert öðru stuðning. Félagsleg samskipti eru stór hluti af námi almennt.



Afhending skirteinis við hátíðlega athöfn.

Við erum sammála því. Táknmál er fullgilt tungumál og ætti að fá að standa jafnfætis íslensku og öðrum tungumálum. Það verðir spennandi að fylgjast framvindu kennsluhátta döff og túlkanema. Við þökkum Eyrúnu spjallið og óskum henni enn og aftur til hamingju með meistaraáráðuna.

Einföld leið til að ná sambandi við Neyðarlínuna

112 Döff





Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

óskar Félagi Heyrnarlausra
til hamingju með

60 ára afmælið



og þakkar gott samstarf til margra ára.

Við óskum félaginu alls hins besta í baráttu
þess fyrir hagsmunum heyrnarlausra
á Íslandi.

Heyrnar- og talmeinstöð Ísland er miðstöð þekkingar og þjónustu fyrir fólk með skerta heyrn, heyrnarleysi eða talmein. Hjá stofnuninni starfa sérfræðingar í háls-nef og eyrnalækningum, heyrnarfræðingar og heyrnarráðgjafar, talmeinafræðingar o.fl. Greining, meðferð, heyrnartæki og endurhæfing, auk fræðslu, kennslu og rannsókna. Þjónustustöðvar í Reykjavík og á Akureyri. Sími: 581 3855 - Tölvupóstfang: hti@hti.is

Sjá nánar á www.hti.is

Ísland í stjórn Alheimssamtaka heyrnarlausra: World Federation of the Deaf (WFD)



Smá um Alheimssamtök heyrnarlausra: Alheimssamtök heyrnarlausra eða World Federation of the deaf (WFD) var stofnað í Róm á Ítalíu 23. september 1951. Alls eru 125 þjóðir aðildarfélagar. WFD starfar fyrst og fremst í málefnum mannréttinda-baráttu og efst á baugi eru menntun, táknmál og aðgangur að upplýsingum fyrir döff.

WFD er með congress/heimsþing á fjögurra ára fresti, síðasta þing var haldið í París 23.-27. júlí 2019 og aðalfundur WFD eru haldinn tveim dögum fyrr heimsþingið.

Ég hef lengi vitað af WFD og WFDY's en síðar nefnda eru samtök fyrir unga fólk og þau halda reglulega mót fyrir börn,

unglinga og ungmenni um allan heim. Ég fór fyrst á heimsþing í Madrid árið 2007 og sú upplifun var meiriháttar. Það var áhugavert að sjá döff fólk koma saman alls staðar frá heiminum á einum stað og miðla þekkingu og upplýsingum. Afar misjafnt er hvar þjóðir standa gagnvart mannréttindum. Sumir eiga ekki kost á menntun, aðrir mega ekki keyra bíl og ýmsar hindranir sem okkur Íslendingum koma spánst fyrir sjónir. Aðrar þjóðir standa okkur fremar með t.d. aðgang að tulkþjónustu, menntun og tækni. Eftir heimsþingið í Madrid stefndi ég á að mæta á næsta heimsþing sem var haldið í Durban í Suður-Afríku árið 2011, Istanbul í Tyrklandi árið 2015 og nú síðast í París 2019. Næsta heimsþing verður haldið í Jegu í Suður-Kóreu árið 2023.

Samhliða heimsþinginu hef ég verið fulltrúi Íslands á aðalfundi WFD. Mér datt aldrei í hug að bjóða mig fram til stjórnarsetu fyrr en ég fékk ábendingar og hvatningu til að bjóða mig fram í stjórn.



Fyrir það hugsaði ég að það væri ómögulegt fyrir litla Ísland að bjóða sig fram. Að lokum sló ég til og sendi framboð til kjörnefndar WFD, síðan var framboðið mitt samþykkt fyrir aðalfundi. Frumskilyrði er að Félag heyrnarlausra standi bakvið framboð mitt. Þannig að ég er í framboði fyrir hönd Íslands. Snemma kom í ljós að það voru eingöngu tvær konur í framboði af 14 manns. Það sem var öðruvísi í þetta skipti var að margir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu og þurfti því að kjósa óvenjulega marga nýja inn í stjórn.

Upplifunin af því að vera í framboði var skemmtileg og krefjandi þar sem maður þurfti að stíga út fyrir þægindarammann og koma sér á framfæri. Afla tengslanets og auglýsa sig, sem sagt alvöru kosningarbarátta. Það er ólíkt mér að auglýsa sjálfa mig en gegnum tengslanetið og stuðningsmennina varð unnt að koma mér á framfæri.

Án þess væri erfitt að auglýsa Ísland og framboðið mitt. Stemning var í kringum kosningarnar og við fengum vita með sólarhringsfyrirvara að við ættum að stíga upp á svið og kynna okkur og afhverju við bjóðum okkur fram. Hver og einn framboðandi fékk 90 sekúndna ræðutíma. Það þurfti að íhuga og semja ræðu á staðnum en það gekk vel. Pressan við að





standa fyrir framan rúmlega 200 manns og flytja framboðsræðu var mikil. Ég man ekki mikið hvað ég sagði í ræðunni en ég var rúmlega eina mínútu og týndi það helsta fram. Við sem vorum í framboði máttum ekki sitja í sal á meðan kosningar fóru fram en héldum okkur baksviðs, þar var mjög sérstök stemming. Allir í sínu horni að æfa sig og þylja upp ræðuna og setja sig í gír.

Við fengum svo að fréttu baksviðs hvernig kosningarnar fóru, fyrst var kosið um formennsku síðan varaformann og loks stjórnarmenn. Þegar úrslit kosningar stjórnarmanna lágu fyrir þá fengum við að fara inn í sal og fylgjast með niðurstöðunni. Í fyrstu sá ég ekki nafnið mitt, las úrslitin frá neðsta sæti og uppúr en þá kom mér á skemmtilega óvart að nafnið mitt var efst með flest atkvæði.

Þá var komið að því að Ísland ætti í fyrsta sinn fulltrúa í stjórn WFD til næstu fjögurra ára. Starfið er víðtækt og á fyrsta stjórnar-

fundi voru stjórnarmenn boðnir velkomnir í stjórn af þáveranda og núverandi formanni. Stjórnarfundir eru haldnar tvisvar sinnum á ári og fundir eru um eina viku í senn. Fyrsti formlegi stjórnarfundurinn var haldinn í borginni Tibilisi í Georgíu 21.-27. nóvember. Þær þjóðir sem eiga fulltrúa í stjórn eru: Bandaríkin, Danmörk, Ísland, Kanada, Þýskaland, Albanía, Nýja-Sjáland, Suður-Afríka, Tailand, Rússland og Venesúela. Á fundina kemur líka stjórn WFDY's og það var gott að kynnst þeim öllum og koma sér saman um samstarf næstu fjögur árin. Fyrirkomulag fundarhalds er þannig að þjóðir skiptast á að bjóða okkur til þeirra til að halda fundi og í staðinn erum við með kynningu, fyrirlestur eða fundum með stjórnvöldum hjá gestgjöfunum.

Það er mikill heiður fyrir Ísland að hafa kjörinn einstakling í stjórn WFD og viðurkenning á því hversu sterkt Félag heyrnarlausra er á heimsvísu.

Ég hlakka til að takast á við þetta verkefni og mun gefa mig alla í starfið.

Hjördís Anna Haraldsdóttir.



Táknmálsnemar skrifa

Eins og síðustu ár hafa táknmálsnemar við Háskóla Íslands sent inn útdrátt úr fræðigrein eða á því verkefni sem þeir eru að vinna. Byrjaði þetta samstarf að undirlagi Rannveigar Sverrisdóttur lektors í táknmálsfræði við Háskólann. Gefum nú nemunum orðið.

TÁKNMÁL AF HVERJU?

Er tvítyngi raddmáls og táknmáls besta leiðin fyrir heyrnarlaus börn með kuðungsígræðslu?



Kristín Guðný Sigurðardóttir.

Það var mjög skemmtilegt að kafa ofan í þennan málaflokk og skoða máltöku barna og sjá hvort að það væri einhver munur á máltöku heyrnarlausra barna og heyrandi. Einnig var mjög fróðlegt að skoða hvort að mikilvægt væri fyrir heyrnarskertan einstakling að læra táknmálið eða ekki. Ég ákvað að skrifa þessa ritgerð útfrá sjónarhorni heyrandi foreldra sem eignast mikið heyrnarskert eða heyrnarlaust barn og áskoranir sem að þeir standa frammi fyrir. Þar sem að þeir eru í miklum meirihluta en 90 % heyrnarlausra barna eiga heyrandi foreldra.

Þegar von er á nýju barni í fjölskylduna gera margir foreldrar sér fyrirfram ákveðnar hugmyndir og væntingar um hvernig barnið muni verða, hverjum það muni líkjast og hverjir framtíðarmöguleikar þess verða. Foreldrarnir gera áætlanir sem byggja á þessum fyrirfram ákveðnu hugmyndum. Þegar barnið fæðist kemur alltaf eitthvað á óvart. En fæðist barnið heyrnarlaust eða með mikla heyrnarskerðingu breytast þessar áætlanir ósjálfrátt. Þær verða ekki verri en þær verða öðruvísi.

Því bíða mörg verkefni þessara foreldra og mörg þessi verkefni eru afar skemmti-

leg. Í dag er farið með flest börn sem fæðast heyrnarlaus í kuðungsígræðslu sem veitir barninu heyrn, en þó ekki fulla heyrn en með aukinni tækniframförum minnkar bilið stöðugt. Vegna þess hversu lítil almenn vitneskja er um heyrnarleysi, döff og mikilvægi táknmáls langaði mig að skoða það hvort og hversu mikilvægt það er í raun og veru fyrir barn að læra táknmál hvort sem að það fari í kuðungsígræðslu, fái heyrnartæki eða hvorugt. Sérstaklega finnst mér vanta að opna umræðuna um þetta mikilvæga málefni.

Markmið ritgerðarinnar var að leita svara við þeirri spurningu hvort að tvítyngi sé í raun rétta leiðin fyrir börn, einkum heyrnarlaus og heyrnarskert, en börn með kuðungsígræðslu tilheyra báðum þessum hópum. Í því samhengi er tvítyngi skoðað út frá ýmsum sjónarhornum. En talið er að um helmingur jarðarbúa sé tvítyngdur og jafnvel fjöltyngdur. Það er hefur fleiri en eitt móðurmál. Samfélag heyrnarlausra er lítið en samheldið. En á hverju ári fæðast að meðaltali tvö börn með mikla heyrnarskerðingu. Vegna smæðar samfélags döff skiptir hver einstaklingur gríðarlega miklu máli. Þótt kuðungsígræðsla virki fyrir suma eru alls ekki allir sem geta nýtt sér þessa tækni og svo eru aðrir sem kæra sig ekki um að nota hana. Til þess að halda táknmálinu lífandi þarf að hlúa vel að hverjum málhafa og fá nýja málhafa inn svo málið deyi ekki út.

Að gefa barni móðurmál er mjög mikilvægt því það er grunnur að vitsmunalegum og andlegum þroska þess. Barnið byggir allt sem það lærir síðar á lífsleiðinni á þessum grunni hvort sem að það er félagsleg tengsl, menntun eða það að læra annað tungumál. Því er óhætt að segja að mikilvægast af öllu sé að barn fái alla vega eitt gott mál sem það getur kallað sitt móðurmál. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ekkert sé því til fyrirstöðu að heilbrigð börn læri fleiri en eitt mál í einu. Barn sem á fleiri en eitt móðurmál verður jafnvel víðsýnna vegna þess að það fær tækifæri til þess að tilheyra

annarri menningu en ekki aðeins þeirri sem tilheyrir í málsamfélaginu sem það býr í. Því tel ég að tvítyngi geti aðeins gert barni gott. Sama á við um tvítyngi tveggja málgerða barns með kuðungsígræðslu, þ.e. þegar barnið lærir bæði táknmál og raddmál. Barn tapar aldrei á því að læra tvö mál. Barnið á auðveldara með að öðlast þá hvíld sem það þarf á að halda með því að taka af sér tækin og nýta táknmálstúlkun til dæmis í margmenni. Það er frelsun að þurfa ekki eingöngu að reiða sig á tækin þegar aðstæður eru erfiðar eins og inni í stórum hópi fólks. Þeir sem eru heyrnarskertir, hvort sem þeir eru með tæki eða ekki, upplifa margir mikla þreytu vegna þess að þeir þurfa að einbeita sér svo mikið til þess að ná því sem sagt er, sérstaklega þegar þeir eru innan um margt fólk. Fyrir þessa einstaklinga væri betra að læra táknmál því þá þyrftu þeir ekki að reiða sig alfarið á heyrnina í margmenni, þeir gætu nýtt túlkabjónustu. Þannig fengið tækifæri til að þurfa ekki eingöngu að einbeita sér að því að sem sagt er, sem getur tekið mikið á, heldur geta notið þess að taka við því sem um er að vera. Einnig að hægt er að auka skilning á öðru hvoru málinu með því fá stuðning úr hinu málinu.

Mikilvægt er að styrkja sjálfsmynd döff barna sem og annarra. Barnið þarf að hafa sjálföryggi til þess að standa með sjálfu sér og tala hreint út þegar því finnst að sér vegið eða það telur að hægt sé að gera betur til þess að það heyrir. Það þarf að geta krafist þess að réttindi þess séu virt. Barnið á til dæmis að geta fengið túlk þegar við á, hljóðvist þarf að vera góð í kennslurýminu sem og öðrum rýmum sem barnið er í, barnið á að fá að sitja á góðum stað þar sem það sér alla sem best, kennarinn þarf að tala skýrt og má ekki snúa sér frá barninu þegar hann talar og fleira mætti nefna. Það er margt sem þarf að hafa í huga og barnið skynjar best sjálft þegar eitthvað er að sem þarf að laga. Með því að sýna þessu skilning og taka fullan þátt með barninu eflir það sjálfstraust barnsins.

Heyrandi börn og fullorðnir upplifa umhverfið öðruvísi en heyrnarskerti og heyrnarlausir. Heyrandi börn fá til dæmis ýmsar upplýsingar úr umhverfinu, ómeðvitað, upplýsingar sem þau sækjast ekki endilega eftir. Sem dæmi má nefna barn sem situr á gólfi og leikur sér. Það heyrir í útvarpi eða sjónvarpi, heyrir samtöl fólks og fær þannig alls kyns upplýsingar, alveg ómeðvitað. Það gæti einnig heyrt hljóð þegar eitthvað dettur og brotnar eða einhver kemur í heimsókn. Mikið heyrnarskert barn eða fullorðinn missir af þessum upplýsingum nema hann sjái þetta beinlínis. Þannig gæti heyrnarskert barn ekki haft hugmynd um að það væri kominn gestur á heimilið fyrr en löngu seinna. Þegar barn fæðist heyrnarlaust eða heyrnarskert inn í heyrandi fjölskyldu tekst það á við aðra hluti en fjölskylda þess. Barnið glímur við vandamál sem aðrir fjölskyldumeðlimir geta ekki samsamað sig við. Því er afar mikilvægt að barnið geti leitað til annarra sem standa í sömu sporum. Hér á landi er hægt að leita til Félags heyrnarlausra, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og

heyrnarskertra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er að barnið og fjölskyldan öll taki þátt í starfi þessara félaga. Með því móti upplifir barnið að fjölskyldan öll sýni áhuga og jákvætt viðmót tengt því starfi sem fram fer hverju sinni.

Táknmálmálhöfum hefur fækkað vegna smæðar samfélagsins og aukinnar tíðni kuðungsígræðslu barna án þess að þau börn fái táknmálkennslu. En til þess að halda málinu við er nauðsynlegt að nýir málhafar komi inn í samfélagið. Auka þarf kennslu í táknmáli fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Einnig væri hægt að kenna heyrandi börnum á táknmáli rétt eins og heyrnarlausum börnum er kennt á raddmáli. Þá ætti túlkun að vera í boði fyrir báða hópa til þess að jafna stöðuna. Með þessu móti myndu heyrandi sammennendur læra táknmálið betur og væri þetta góð viðbót við þá táknmálkennslu sem er til staðar. Með því að auka táknmálsfærni sammennenda heyrnarlausra verða minni líkur á að heyrnarlaus börn einangrist í skólakerfinu.

Þau gætu leikið sér óhindrað við sammennendur sína. Einangrun verður stærra vandamál þegar börnin eldast og leikir verða flóknari heldur en leikir yngri barna á borð við eltingarleik.

Eftir að hafa farið yfir í grófum dráttum hvernig máltaka barna fer fram og mikilvægi móðurmáls þegar kemur að vitsmunalegum og andlegum þroska barna þá held ég að óhætt sé að segja að mikilvægast af öllu sé að barn fái allavega eitt gott mál sem það getur kallað sitt móðurmál. Því er óhætt að segja að spurningunni, sem sett var fram í upphafi, um hvort tvítyngi raddmáls og táknmáls sé rétta leiðin fyrir heyrnarlaus börn með kuðungsígræðslu, megi svara játandi. Gefa eigi börnunum strax í upphafi öll þau verkfæri sem í boði eru, þau ráða svo sjálf hvort þau nýta sér þau eða ekki í framtíðinni.

*Kristín Guðný Sigurðardóttir
nemi í táknmáls- og túlkunarfræði
hjá Háskóla Íslands.*



Upplifðu hið magnaða jöklaútsýni yfir Vatnajökul frá Hótel Höfn og gæddu þér á hinum fræga hornfirskum humri.

Árstíminn skiptir ekki máli, hið magnaða jöklaútsýni yfir Vatnajökul er engu líkt og litadýrðin ótrúleg. Sjáðu sólina setjast fyrir aftan jökulinn yfir sumartímann eða njóttu norðurljósanna í faðmi og endurskini Vatnajökuls.

Gæddu þér á ljúffengum hornfirskum humri eða prófaðu aðra girnilega rétti á matsedlinum okkar á veitingastaðnum Ósnum. Við leggjum áherslu á edal hráefni, góðan mat og notalega þjónustu.

ÓSINN
RESTAURANT · PIZZERIA

Hótel Höfn
Víkurbraut 20, 780 Höfn í Hornafirði
Móttaka: 478-1240 / Ósinn: 478-2200
info@hotelhofn.is / hotelhofn.is

H
HÓTEL HÖFN

Döff gróði – Hvað er það?

Í ritgerðinni minni til BA prófs í táknafræði og táknafræði skrifaði ég um hugtakið *döff gróði* og gerði eiginlega könnuð á því hvernig íslenskt samfélag hefur tileinkað sér það.



Steinunn Birna Jónsdóttir.

Döff gróði er nýlegt hugtak sem er komið frá Bandaríkjunum sem kennarar við döff háskólann Gallaudet að nafni Hansel Dirksen Bauman og Joseph J. Murray komu á laggirnar. Í bók sem gefin var út af kennurunum við Gallaudet árið 2007 sem kallast „*Deaf gain: Raising the stakes for human diversity*“ ritstýra þeir köflum sem fjalla um hina ýmsu þætti döff gróða. Hugtakið sýnir þann gróða sem fylgir því að vera heyrnarlaus og að vera þátttakandi í menningu heyrnarlausra. Ég ákvað að kynna mér þetta hugtak betur og fannst tilvalið að fjalla um það í ritgerðinni minni.

Ég kynntist hugtakinu í áfanga í táknafræði um menningu og sögu heyrnarlausra en þar var Elsa G. Björnsdóttir að kenna og kynnti það fyrir okkur. Það vakti athygli mína og vildi ég læra aðeins meira um það sem í því fólst. Samvæmt Bauman og Murray skiptist döff gróði upp í þrjá meginþætti og síðan koma undirflokkar frá þeim. Í ritgerðinni fjallaði ég um tvo undirflokkar fyrir hvern meginþátt en til eru ýmsir fleiri. Fyrsti þátturinn snýst um það sem döff græða á heyrnarleysi (Deaf Gain: Benefit) þar sem fjallað verður um samskipti og rýmisgreind döff. Næsti þáttur snýst um gróða mannkynsins af döff (Deaf Gain: Contribute) þar sem fjallað verður um atvinnu döff og táknafræðigróða. Að lokum er þáttur sem snýst um forskot döff í samfélaginu (Deaf Gain: Ahead) þar sem fjallað verður um döff rými og ljóðlist döff.

Í ritgerðinni gerði ég eiginlega könnun á því hvernig íslenskt samfélag hefur tileinkað sér hugtakið döff gróði og fékk ég tvo einstaklinga úr döff samfélaginu til að svara nokkrum spurningum um hugtakið og þeirra upplifun á því á Íslandi. Þátttakendur voru Heiðís Dögg Eiríksdóttir sem er döff og Kristinn Arnar Diego sem er heyrnarskertur. Bæði eru þau virkir þátttakendur í samfélagi döff og eru þau kunnug hugtakinu döff gróði. Ég spurði þau þriggja spurninga en þær voru „*hvað er döff gróði?*“, „*Telur þú döff gróða vera sýnilegan á Íslandi?*“ og „*Telur þú*

þig hafa upplifað döff gróða?“. Það var ótrúlega gaman að vinna úr svörunum og fá þeirra sýn á hugtakið og hvaða gagn það getur gert fyrir menningu döff og heyrandi. Heiðís nefndi það forskot sem börnin hennar þrjú sem öll eru heyrandi hafa í stærðfræði þar sem þau sjá dæmin fyrir sér í þrívídd og því sé hún auðveldari fyrir þau. Hann segir að auðvelt sé að útskýra fyrir vinum sínum vegavísanir á táknafræði en erfiðara sé að útskýra þær raddmáli. Kristinn sýnir hér þann gróða sem döff hafa yfir heyrandi þar sem þau nota þrívíddarsjónarhorn sitt.

Niðurstöður úr könnuninni benda til þess að íslenskt samfélag hafi ekki fengið þá fræðslu um hugtakið döff gróði líkt og í Bandaríkjunum þar sem engar rannsóknir á hugtakinu hafa verið gerðar á Íslandi. Það leiðir til þess að lítil fræðsla getur verið um döff gróða á Íslandi og því getur íslenskt samfélag ekki tileinkað sér hugtakið að fullu og lífað eftir því. Hugtakið er þó meira þekkt í menningu döff á Íslandi líkt og þátttakendur rannsóknarinnar upplifa en þó hefur döff gróði ekki náð að festast í íslensku samfélagi.

Steinunn Birna Jónsdóttir

Hægt er að lesa ritgerðina í heild sinni á eftirfarandi slóð:

<https://skemman.is/bitstream/1946/-32874/1/BA-ritgerð.%20Steinunn%20Birna.pdf>

Tilkynninga- og fréttahornið



Ingibjörg Andrésdóttir og Anna Jóna Lárusdóttir.

Kveðjustund

Anna Jóna Lárusdóttir og Ingibjörg Andrésdóttir (Didda) yfirgáfu stjórn Fh í haust. Þess má geta að Anna Jóna var fyrst kosin í stjórn árið 1972 en Ingibjörg árið 1974 og svo margoft eftir það.

Þær stöllur hafa lagt ómældan tíma og orku í starf Fh gegnum tíðina sem við erum þakklát fyrir.

Æskulýðsmót

Við minnum á að æskulýðsmót döff verður haldið í Svíþjóð 2020, lokafrestur til að skrá sig er 1. mars 2020. Upplýsingar eru á heimasíðu félagsins.



Norðurlandamót

Norðurlandamót fyrir döff ungmenni á aldrinum 13-17 ára verður nú haldið á Íslandi. Líklega í lok júlí eða í byrjun ágúst, dagsetning er væntanleg. Við hvetjum öll ungmenni til að láta slag standa og taka þátt og kynna nýju fólk.

Liðveisla Bubba

Við minnum aldræða á liðveislu hjá Bubba. Hægt er að ná í hann og fá tíma í gegnum netfangið bubbisigur@gmail.com eða hafa samband við skrifstofu Fh.

VIÐ ÞÖKKUM ÞEIM SEM STYRKTU ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS



EKKI GLEYMA... AÐ FÁ TILBOÐ FRÁ OKKUR
NÆST ÞEGAR ÞÚ ÞARFT AÐ PRENTA.



UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

VATNAGARÐAR 14 • SÍMI 563 6000 • LITROF.IS

Döff Norðurlandabúar og loftslagskvíðinn

Það jafnast ekkert á við þann heiður að fá tækifæri til þess að fara í ævintýri fyrir hönd félagsins. Ferðalög hjálpa okkur að velta fyrir okkur hvernig best er að takast á við þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í hversdagsleikanum. Fyrir mér var þetta tækifæri valdeflandi og orkugefandi, sérstaklega í ljósi þess hve fá við erum hér á Fróni sem getur komið niður á félagslífinu.

Ég fann fyrir nokkrum kvíða fyrir DNUR fundinn þar sem ég hafði aldrei hitt þetta fólk fyrr og hafði í raun enga hugmynd um hvað ég ætti að tala um. Ég fann þó fyrir stolti að vera þarna mættur fyrir hönd samfélags döff Íslendinga, ekki bara félagsins. Meðal þess sem fór fram á fundinum var:

- Æskulýðsmótið í Svíþjóð 2020
- Ungliðamótið á Íslandi 2020
- Endurskoðun, hvernig hefur Félagi heyrnarlausra í Noregi gengið með formennsku á árinu og hvað er þörf á að gera og bæta í framtíðinni.
- Fulltrúi hvers lands fyrir sig var beðinn um að segja frá bæði jákvæðum og neikvæðum viðfangsefnum og fréttum af starfi síns félags.

Norðmenn hafa miklar áhyggjur af stöðu döff barna vegna skorts á bæði rit- og táknmálskennslu, og þann skaða sem það gæti valdið bæði börnunum og samfélaginu.

Dönun finnst effitt að halda sínu félagi gangandi án ungliðahreyfingarinnar, en félagsmiðstöðinni var lokað vegna peningaskorts. Góðu fréttirnar eru þær að gæði og áreiðanleiki túlkunar hefur stórlega batnað.

Svíar eru að berjast fyrir túlkun þvert á landamæri innan Norðurlandanna. Einn fulltrúi þeirra vinnur fyrir rekstraraðila Eyrarsundsbrúarinnar og hún má ekki hafa sænskan túlk með sér á fundi í Kaupmannahöfn.

Finnska félaginu gengur afar illa fjárhagslega vegna fárra meðlima. Þeir hafa einnig áhyggjur af mótsgjöldum, þeir sjá ekki fram á að geta styrkt eða niðurgreitt þau fyrir ungdóminn.

Að lokum var komið að mér, ég minntist á að döff fólk færi fækkandi á Íslandi og að við værum farin að leggja meiri áherslu á táknmálskennslu og hittinga fyrir foreldra döff og döff+. Hér er engin ungliðahreyfing né annað starf fyrir ungt döff fólk. Fámenni virðist þó ekki vera sökudólgurinn hér, ýmar ástæður liggja að baki, fólk ólst upp án slíks starfs og þekkir því ekki hvað það er sem það er að missa af,



sumir ólust upp án samskipta við annað döff fólk og sjá ekki ástæðu til að koma slíku á fót.

NUS var klárlega hápunktur ferðarinnar til Malmö. Ástæða þess að ég sótti um að fara var umræðuefni málstofunnar, loftslagskvíði. Hamfarahlýnun er nefnilega mikilvægasta málefni fortíðar, nútíðar og framtíðar. Á málstofunni var lögð áhersla á þann aukna kvíða sem fólk upplifir eftir því sem líður á loftslagsbreytingar. Það voru tveir fyrirlestrar sem stóðu upp úr fyrir mér, annar þeirra var „Kvíðinn okkar, og hvað næst?“ eftir Belén Navas frá Spáni og sá seinni „Örplast“



eftir Olgu Green frá Finnlandi. Eitt af því sem Belén sagði opnaði augu mín alveg; „Við ættum að draga úr sóun og hætta að hugsa að við séum eitthvað betri en aðrir“. Ef þú kaupir ekki „hraðtísku“ föt að óþörfu, sóar aldrei mat, dregur allverulega úr plastnotkun og hættir henni jafnvel alveg, þá stendur þú þig alveg ágætlega. En ekki gleyma því að þú ert ekki í keppni um að vera betri en aðrir í umhverfisvernd, þú ert í keppni við sjálfa/n þig, þú getur alltaf gert betur. Ég vona að ég nái að setja saman fyrirlestur um þetta mikilvæga málefni hjá Félagi heyrnarlausra þar sem þú gætir komið og lært hvernig þú getur lagt meira af mörkum, og þannig hvatt þau sem eru í kringum þig inn á sömu braut.

Tilhugsunin um örplast bugaði mig nánast, það er ekki svo langt síðan það var uppgötvað og það er nánast ómögulegt fyrir okkur að hreinsa það úr náttúrunni, enda er það aðeins sýnilegt með smásjá. Hvaðan kemur allt þetta örplast gætir þú spurt, nú úr öllu því sem framleitt er úr plasti, og við búum í plastheimi. Öll föt sem framleidd eru úr gerviefnum eru búin til úr plasti og í hvert skipti sem við setjum þau í þvottavél framleiðum við í reynd örplast og skilum því í sjóinn. Dekkin á bílunum okkar eru framleidd úr plasti, húsgögn, matvælaumbúðir, og svona gæti ég haldið endalaust áfram. Olga hatar plast, en hún tók þó fram að hún hafi lært og uppgötvað svo gríðarlega mikið á að undirbúa fyrirlesturinn fyrir okkur. Hún gerir sér grein fyrir því að plast getur verið gott í sumum tilfellum, vandinn liggur aðallega í ein- eða fánota plasti sem við framleiðum og notum svo óheyrilega mikið af að við vitum ekki hvernig á að endurvinna það. Eftir fyrirlestrana áttum við þrenns konar rökræður, „Kjöt eða vegan?“, „Eingöngu nauðsynlegar umhverfisvænar samgöngur“ og „Hröð tíska eða langframatíska?“.

Ég eignaðist nýja vini og gat hlegið yfir menningarmuninum. Fyrsta kvöldið var farið í eins konar ratleik þar sem markmiðið var að finna helstu kennileiti borgarinnar. Þegar kennileitið fannst áttum við að taka mynd af hópnum að gera eitthvað tengt kennileitinu, t.d biðja fyrir framan kirkju eða þykjast syngja fyrir framan Óperuhúsið. Annað kvöldið fórum við á uppistand með Florian Tirnovan frá Stokkhólmi sem kallar sig Flow TV á



internetinu, en hann gerir mikið út á svartan húmor. Sem dæmi nefndi hann „hættulegasta hverfi“ Malmö að eigin sögn, Rosengård og spurði áhorfendur af hverju þau héldu að hverfið hétu þessu nafni, hann svaraði sér sjálfur: „Nú það er vegna þess að þegar fólk er stungið mun það drukkna í blóði og rósum“. Ég vona að við getum haldið NUS einn daginn!

Ég vil þakka félaginu fyrir innblásturinn og að hafa gert það að verkum að ég er nú stoltur af minni aðfluttu íslensku sjálfmynd. Ég hef þann draum að vera kosinn í stjórn félagsins og vil berjast fyrir réttindum okkar og komandi kynslóða.

Ég hef svo mikið að læra af samfélögum okkar, bæði þess íslenska og samfélagi Norðurlanda.

Hér áður fyrr þegar ég var starfandi rabbíni átti ég til að segja við þá sem þurftu á hvatningu að halda: „Þó að þú ljúkir einni baráttu þá þýðir það ekki að baráttunni sé lokið, það er alltaf eitthvað sem þú getur barist fyrir og baráttunni lýkur því aldrei. Ekki gefast upp þó þú nái ekki þínu fram strax, við erum ekki meistara; meistara eru hræddir við að tapa.“

Mordekaí Elí Esrason

ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Leikhús eru líka fyrir döff-leikara

Sigríður Vala Jóhannsdóttir, sem oftast er nefnd Sigga Vala, sló eftirminnilega í gegn í leikverkinu „Það sem við gerum í einrúmi“ sem sýnt var í Tjarnarbíói snemma árs 2019. Leikverk þetta er sambland af leikriti á sviði og leiknum myndböndum sem er varpað á skjá fyrir áhorfendur. Okkur í Döff-bláinu lék forvitni á að vita hvernig svona verk verður til og hvernig heyrnarlaus leikari fer að því vinna með heyrandi leikhópum.



Sigga Vala hafðir þú lagt leiklist fyrir þig áður en þú lékst í verkinu „Það sem við gerum í einrúmi“?

Já það hef ég gert. Ég fæddist í Bandaríkjunum og þegar ég var 6 ára lék ég í Christmas Carol eftir Dickens og var önnur af fyrstu tveimur heyrnarlausu leikendunum á Arena-sviðinu í Washington D.C. Þar sem ég bjó til 18 ára aldurs. Ég hef einnig töluverða reynslu á leiksviði og í kvikmyndum í samfélagi heyrnarlausra.

Hvernig vildi það til að þú varst fengin til að leika í þessu verki?

Það kom mér verulega á óvart og ég varð mjög spennt. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leiklist en bjóst engan veginn við því að landa hlutverki með svona frábærum hóp listamanna. Þetta kom mér einstaklega mikið á óvart því ég var ekki að leita að hlutverkinu heldur fann hlutverkið mig!

Nú eru mótleikarar og allir sem komu að leikverkinu heyrandi, hvernig gekk ykkur að hafa samskipti og hvernig fóru þau fram?

Allir leikarar standa frammi fyrir sínum eigin áskorunum. Það gæti verið að leika grimma manneskju þegar þú ert einstaklega blíð manneskja eða það að vinna með leikstjóra sem hefur allt aðra sýn á hlutverkið en þú sjálfur. Ég hafði mínar eigin áskoranir sem heyrnarlaus manneskja að vinna með heyrandi leikurum sem höfðu aldrei unnið með heyrnarlausum áður. Ég lét það samt ekki aftra mér heldur leit á það sem áskorun. Nokkrir vinnufélagar mínir, sem ég dáist mikið að, töluðu til dæmis oft beint við táknmálstúlkinn og ávörpuðu hana með skírarnafni og sögðu henni að segja Siggu Völu til í stað þess að tala við mig beint. Þetta er eitt atriði sem sýnir fram á hversu lítið fólk kann í umgengni við heyrnarlaust fólk.

Getur þú sagt okkur um hvað verkið fjallaði og hvernig þú undirbjóst þig fyrir hlutverkið?

Þegar við byrjuðum að vinna að verkinu í desember var söguþráðurinn ekki alveg tilbúinn. Karakterinn sem ég lék var ekki alveg fullmótaður. Við þróuðum karakterinn hana Rögggu nokkuð á þessu tímabili. Eftir nokkrar æfingar var hún og hennar söguþráður fullmótaður. Æfingarnar komu mér mikið á óvart. Þegar ég lék á sviði í menntaskóla lásum við og fórum með línur beint úr handritinu en í þessu leikverki var mun meira frelsi til að spinna og þróa verkið sjálf. Ég kunni mjög vel við þetta listræna frelsi.

Tengir þú mikið við Rögggu sem þú leikur og það sem leikritið fjallar um?

Ég get eiginlega ekki sagt það. Ef ég á að vera hreinskilin kunni ég ekki vel við Rögggu. Mér þótti hún einstaklega óspennandi manneskja.



Þetta var mikil áskorun fyrir mig að leika svona karakter sem ég tengdi ekki við. Það sem við gerum í einrómi fjallar um fjórar einmana persónur sem búa allar í sömu blokkinni. Einsemd þeirra veldur svo mikilli einangrun og örvilnan að þau grípa, öll á sinn hátt, til aðgerða sem rekur þau á endanum inn í líf hvert annars og út úr blokkinni. Verkið fjallar því um einsemd en ég sjálf er mjög félagslynd.

Var eitthvað sem kom þér á óvart við þessa lífsreynslu að leika heyrnarlausan karakter bæði í kvikmynd og á sviði með heyrandi leikurum?


Ég hefði viljað sjá fleiri sjónarhorn á hvernig líf heyrnarlausra er. Mitt daglega líf er í rauninni gjörólíkt lífi Rögggu. Í leikritinu speglar Ragga, persónan sem ég leik, umburðarlyndi og virðingu en hún er samt svo einangruð. Ég er sjálf hluti af

afar menningarlega auðugu samfélagi heyrnarlausra. Erfiðast er að virða leikritið eins og það er og bæla niður löngunina til að sýna heiminum þá dásamlegu menningu sem ég er partur af á hverjum degi.

Heldur þú að það verði framhald af samstarfi þínu við leikhóp Tjarnarbíósins?

Þessir tveir mánuðir með leikhópnum voru ótrúleg reynsla. Ég myndi hiklaust og hvenær sem væri fagna því tækifæri til að leika með þeim aftur.

Við þökkum Sigggu Völu kærlega fyrir viðtalið og vonumst til að sjá meira af henni á sviði og í kvikmyndum í framtíðinni. Þess má geta að lokum að Sigga Vala var tilnefnd til Grímu verðlauna fyrir leik sinn vorið 2019. Glæsilegur döff leikari þar á ferðinni!



Myndir úr 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra



sem haldið var í Gamla bíói þann 8. febrúar



Íslenskukennsla döff nýbúa

Á síðustu árum hefur nýbúum á Íslandi fjölgað talsvert og á það einnig við um döff nýbúa. Talið er að um 25% af döff á Íslandi séu af erlendu bergi brotnir. Til að taka þátt í íslensku samfélagi er nauðsynlegt fyrir nýbúa að geta gert sig skiljanlega á íslensku. Það voru því gleðitíðindi þegar íslenskukennsla fyrir döff nýbúa fór af stað í Fh vorið 2019 að undirlagi Júlíu G. Hreinsdóttur tákna málskennara.

Geturðu sagt okkur frá því Júlía hvernig þessi kennsla byrjaði og hverju hún á að skila til nýbúa?

Nokkrir nýbúar spurðu mig um íslenskunám því þau vissu að ég væri tákna málskennari. Ég og Jeremy Sebelius, sem er frá USA en lærði íslensku í HÍ, sýndum því áhuga og kenndum nýbúum íslensku og íslenskt tákna máli.

Hvernig var staðið að kennslunni?

Við auglýstum námskeiðið gegnum heimasíðu Fh (www.deaf.is) og facebook-síðu félagsins. Við kenndum einu sinni í viku, á mánudagskvöldum kl: 20.00–21.20 vormisserið 2019 í sal Fh í Þverholti.

Hversu margir nemendur nýttu sér kennsluna?

Það komu um 15 manns sem vildu læra íslensku hjá okkur. Þetta voru nýbúar frá Póllandi, Bandaríkjunum, Lettlandi, Indónesíu, Portúgal, Litháen og Bretlandi.

Var lögd áhersla á íslenskt tákna máli eða talaða íslensku?

Það var lögd áhersla á bæði íslenskt tákna máli og ritmáli (lesa og skrifa).

Hvernig gekk kennslan, náðu nýbúarnir betri tökum á íslenskunni eftir námskeiðið?

Kennslan gekk vel og þau lærði grunn að íslensku. Við fræddum þau einnig stuttlega um íslenska menningu og almenna þjónustu á Íslandi.

Er von á framhaldi á kennslu fyrir nýbúa?

Við upplýstum þau um þann möguleika að læra meiri íslensku annaðhvort í fjarnámi gegnum Mími eða íslensku sem annað máli gegnum HÍ.

Eru sem sagt tveir möguleikar til áframhaldandi náms í íslensku, fjarnám í Mími og sem annað máli gegnum HÍ?

Já, Uldis Ozols frá Lettlandi ræddi m.a. um reynslu sína af íslenskunámi í fjarnámi. Honum fannst íslenskunám í fjarnámi henta honum best og lærði hann mikið af því. Hann hvatti nemana til að gera það sama og hann.

Þeir Jeremy og Nathaniel Muncie eru bandarískir döff og miðluðu sinni reynslu af því að læra íslensku sem annað máli gegnum HÍ. Þeir sögðu að aðrir nýbúar gætu það alveg eins og þeir. Öll vorum við sammála um að eina leiðin til að geta lært íslensku og ritmáli er gegnum sjónina.

Endurtekning aftur og aftur, nákvæmlega eins og er með heyrandi sem æfa sig í að hlusta á íslensku.

Finnst þér vanta meira efni, fræðslu eða aðstoð fyrir döff nýbúa á Íslandi?

Ég held að best sé að þú spyrjir nýbúa þessarar spurningar en mín skoðun er að þau eru eins og heyrandi nemandur. Við Jeremy hvetjum þau til að vera dugleg að lesa, lesa og lesa alls konar íslenskt efni. Textann í sjónvarpinu, fá lánaðar bækur á bókasöfnum, lesa Fréttablaðið og fleira.

Það er líka mikilvægt að hafa samskipti við tákna málsnotendur til þess að læra íslenskt tákna máli á sama tíma og þau læra íslensku, þannig verða þau tvítyngd. Þau þurfa að lesa mikið ritaðan texta, miklu meira en heyrandi. Þau geta líka lært af táknaforða og íslensku í tákna málsorðabók í SignWiki.is

Er eitthvað sem þú vilt deila með okkur að lokum?

Það var mjög gaman að kenna döff nýbúum íslensku og íslenskt tákna máli. Þau sýndu mikinn áhuga og vilja til að læra íslensku til þess að geta skrifað á við íslenska samfélagið.

Við þökkum Júlíu fyrir spjallið og hvetjum alla nýbúa til að vera dugleg við að æfa sig í íslenskunni. Málið er lykill að samfélaginu sem er dýrmætt að hafa í vasanum.



Við í Döffblaðinu hittum tvo nemendur af íslenskunámskeiði Fh og forvitnuðumst um þeirra upplifun af kennslunni. Áður en lengra er haldið langar okkur gjarnan að vita hvað þið heitið fullu nafni og frá hvaða landi fluttuð þið til Íslands?



Ég heiti Mordechai Eli Mkrtyan Ben Ezra, eftir að ég flutti til Íslands sótti ég um nafnabreytingu og heiti núna Mordekaí Elí Esrason. Ég er 27 ára gamall og er fæddur í Írak, en alinn upp í Rússlandi og Bretlandi, lengst af í London.



Ég heiti Jakub Grojs og er 25 ára gamall. Ég kem frá Póllandi og var í skóla í Varsjá. Núna vinn ég sem kokkur í Keflavík á veitingastaðnum SOHO.

Hversu lengi hafði þið búið á Íslandi?

Mordekaí: Ég flutti til Íslands 14. október 2018.

Jakub: Ég hef búið hér rúmlega 3 ár.

Var íslenskukennslan sem Fh hélt hjálpleg? Er eitthvað sem þið mynduð vilja sjá gert öðruvísi?

Mordekaí: Að sjálfsögðu! Ég held að það væri frábært ef þetta námskeið yrði gert

formlegra, kannski sem samstarf við Mími eða aðrar menntastofnanir.

Jakub: Jú hún var mjög hjálpleg. Upphaflega lærði ég íslenskt táknmál hjá SHH. Innan árs var svo opnað á þetta námskeið fyrir erlenda döff sem vildu læra bæði íslenskt táknmál og íslenskt ritmál. Það kom sér vel.

Finnst ykkur vanta meira efni, fræðslu eða aðstoð fyrir döff nýbúa á Íslandi?

Mordekaí: Í fyrsta lagi þá eru fyrstu 6 mánuðirnir erfiðir fyrir döff nýbúa, ekki nóg með það að þurfa að bíða í 6 mánuði eftir að komast inn í heilbrigðiskerfið, þá býður Félag heyrnarlausra upp á litla sem enga hjálp við að koma undir sig fótum á Íslandi og virðist algerlega ómeðvitað um þær hindranir sem standa í vegi nýbúa. Í öðru lagi er mjög pirrandi hvernig meiri hluti heyrandi Íslendinga byrjar sjálfkrafa að tala ensku við döff einstaklinga, og halda jafnvel að maður sé túristi bara af því að maður lítur öðruvísi út.

Jakub: Ég held að það sé óþarfi að búa til meira efni til táknamálskenndu. Það er í rauninni nóg ef erlendir döff kunna ensku til að skilja hvað sé um að vera. Einnig er hlekkurinn signwiki.org mjög góður til að læra af.

Ætlið þið að læra meiri íslensku á næstunni ef svo er hvar og hvernig?

Mordekaí: Já ég skráði mig í fjarnám í íslensku og stærðfræði. Ef allt gengur upp þá er stefnan sett á stúdentspróf eða sambærilegt.

Jakub: Að sjálfsögðu ætla ég að bæta mig og læra meira í íslensku. Ég læri mikið nú af netinu, fréttunum og samskiptum við heyrandi í vinnunni.

Viljið þið segja eitthvað við lesendur okkar að lokum?

Mordekaí: Fyrir döff nýbúa ekki bíða eftir því að fá allt upp í hendurnar eftir að þú flytur hingað. Skráðu þig inn í landið sem fyrst og finndu vinnu strax. Ekki bíða eftir einhverjum til að kenna þér málið, lærdu það sjálf/ur!

Fyrir heyrandi lesendur, í guðanna bænum ekki tala ensku við döff fólk bara vegna þess að þau nota aðra leið til samskipta. Ef einstaklingurinn kann ekki íslensku, þá er um að gera að finna mál sem báðir skilja, t.d. ensku.

Jakub: Nei takk.

Við þökkum þeim félögum Jakub og Mordekaí fyrir spjallið og minnum á að íslenskukennslunni verður haldið áfram hjá Fh í vor. Um að gera skrá sig enda er málið lykill að samfélaginu.



Barnahornið

Í afmælisboði Perlunnar sá ritstjóri tvær ungar systur tala saman á táknmáli, um leyndardóma íshellisins, við foreldra sína, þau Moniku og Adam frá Póllandi. Gaman var að fylgjast með hversu áhugasamar þær voru um undur íslenskrar náttúru. Við fengum að taka stutt viðtal við þær Nikolu Skrzyszewska 6 ára og Auroru Skrzyszewska 4 ára en þær eru báðar fæddar á Íslandi og eru í Hlíðaskóla og á leikskólanum Sólborg.

Hvað þótti ykkur systur skemmtilegast að skoða á Perlusýningunni?

Okkur þótti báðum sýndarveruleikinn um heiminn skemmtilegastur.

Já norðurljósasýningin Áróra er mjög flott. Skemmtileg tilviljun að þetta er sama orð og nafnið þitt Aurora. Varð ykkur systur ekkert kalt í íshellinum?
Nikola: Já það var kalt en skemmtilegt.



Aurora: Það var ískalt.

Það er sko eins gott að vera vel klædd þegar hann er skoðaður! En hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera?

Nikola: Mér finnst íþróttir skemmtilegastur.

Aurora: Leika mér, það er skemmtilegt.

Hvað ætlið þið systur að verða þegar þið verðið stórar?

Nikola: Ég vil verða listamaður, leikkona eða myndlistarmaður.

Aurora: Tölvufræðingur.

Þið systur getið sko orðið hvað sem er þegar þið verðið stórar!

Þökkum ykkur fyrir spjallið.



Jólaball

Þann 7. desember var efnt til jólaballs í Þverholti 14. Þangað mættu foreldrar með börnin sín, skreyttu og gæddu sér á piparkökum ásamt kakói. Jólasveinninn mætti á svæðið og gaf þægum krökkum sælgæti. Jólalög voru sunginn á táknmáli og dansað kringum jólatréð. Látum myndirnar tala sínu mali.



Hún Amelia Daszkowska er 9 ára gömul stúlka sem stundar nám í Hlíðaskóla. Hún hefur verið að syngja á táknmáli við ýmis tækifæri og vildum við í Döfblaðinu kynna henni nánar.

Hvar ertu fædd Amelia og hversu lengi hafir þið fjölskyldan búið á Íslandi?

Á Íslandi, ég hef alltaf búið hér á Íslandi. Mamma og pabbi fluttu frá Póllandi til Íslands áður en ég fæddist.

Hver eru þín áhugamál?

Áhugamálin mín eru, leiklist, tónlist, að baka og leika við aðra. Ýmislegt skemmtilegt t.d. lesa bækur, skrifa sögur og mér finnst líka gaman að æfa fimleika og klifur.

Það er aldeilis hvað þú ert dugleg og með mörg áhugamál. Hvað var það skemmtilegasta sem þú gerðir á síðasta ári?

Að syngja á jólatónleikum með Sinfóníunni.

Það er vægast sagt glæsilegt. Þú syngur líka svo fallega á táknmáli, ertu búin að syngja lengi?

Ég byrjaði þegar ég var ca. 3-5 ára í Hörpu og síðan þá hef ég alltaf haft gaman af að syngja og leika. Ég elska að syngja á mínu tungumáli.

Áttu uppáhaldslag?

Uppáhaldslögin mín eru, Heims um ból, Ég sá mömmu kyssa jólasvein og svo eru mörg lög sem mér finnst gaman að syngja. Mér finnst líka gaman að semja lög.



Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Ég ætla að verða leik- og söngkona þegar ég verð stór. Ég ætla að semja lög á táknmáli og gefa þau út og syngja á jólatónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands hver jól.

Það þykir okkur gott framtíðarplan og hlökkum við til að fylgjast með þér. Takk fyrir spjallið Amelia og sjáumst á næstu tónleikum.





Perlan bauð döff í heimsókn

— Myndir: Kristinn Guðjónsson og Ragnar Th. —

Þann 18. janúar bauð Perlan félagsmönnum Félags heyrnarlausra og fjölskyldum þeirra að koma á sýninguna „Undir íslenskrar náttúru“ í tilefni 60 ára afmælis félagsins. Tveir táknmálstúlkar tóku á móti hópnum ásamt Gunnari Gunnarssyni sem stóð að þessu rausnarlega boði en Gunnar er forstjóri safnsins og leiddi hópinn um Perluna. Byrjað var í stjórnuerinu þar sem sögð voru nokkur orð og Gunnari færður þakklætisvottur frá félaginu.

Norðurljósasýningin Áróra var sýnd með táknmálstúlkun fyrir hópinn sem taldi um 90 manns. Því næst var farið gegnum safnið með leiðsögn, Látrabjarg og íshellirinn skoðaður og loks endað í súpu á efstu hæð Perlunnar með útsýni yfir Reykjavík. Frábær fjölskyldudagur sem var bæði í senn fræðandi og skemmtilegur fyrir alla aldurshópa. Við þökkum Gunnari og Perlunni kærlega fyrir rausnarlegt boð!





Samskiptamiðstöð

Aðdragandi, stofnun og verkefnið í upphafi

Vorið 2019 lét Valgerður Stefánsdóttir af störfum sem forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnar-skertra (SHH) en hún hafði gegnt þeirri stöðu frá stofnun miðstöðvarinnar 1991. Við báðum Valgerði um að rita nokkur orð á þessum tímamótum og segja okkur frá byrjun og þróun SHH frá stofnun til dagsins í dag. Þess má geta að Valgerði var veitt Fálkaorðan af forseta Íslands í desember 2019 fyrir störf sín í þágu heyrnarlausra og óskum við henni innilega til hamingju með verðskuldaðan heiður. Gefum Valgerði orðið.



Valgerður Stefánsdóttir.

Þegar Júlía G. Hreinsdóttir stundaði nám við Proskapjálfskóla Íslands var engin túlkapjónusta starfandi. Þá túlkuðu kennarar við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans fyrir nemendur í framhaldsskólum. Ekki var heldur kennd táknafræði eða túlkun við Háskóla Íslands. Í rauninni má lýsa stöðunni þannig að Júlía hafi þurft að byrja á því að þjálfá túlka til þess að geta stundað framhaldsnám.

Fyrsta túlkanámið á Íslandi

Júlía var fengin til þess af Félagi heyrnarlausra að sjá um fyrsta túlkanámið á Íslandi. Hún fékk Svövu Jóhannesdóttur með sér í verkefnið en einnig nokkra aðra af nemendum Heyrnleysingjaskólans til þess að sýna margs konar táknafræði. Kennslan fór fram í Félagi heyrnarlausra

og tók einn vetur. Aðdragandinn að náminu var að félagið átti að halda sína fyrstu norrænu menningarhátíð hér á Íslandi í júlí 1986. Norðurlandaráð heyrnarlausra setti félaginu þau skilyrði að það hefði sjö táknafræðistúlka til taks á hátíðinni. Þórey Torfadóttir og ég vorum á þessum tíma kennarar við framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans og vorum valdar til þess að taka þátt í verkefninu ásamt átta öðrum vinum og skyldmönnum félagsmanna. Við Þórey „útskrifuðumst“ sem túlkar sumarið 1986 og túlkuðum á menningarhátíðinni í júlí það ár ásamt Unni Vilhjálmsdóttur og Sumarlínu Ólafsdóttur. Þegar við vorum útskrifaðar sem túlkar gátum við nýtt okkur það til þess að breyta skipulagi framhaldsdeildar Heyrnleysingjaskólans. Venjan var að kennarar fylgdu nemendum í kennslustundir í framhaldsskólunum, tækju niður glósur og endurtækju síðan tímann fyrir nemendur innan Heyrnleysingjaskólans. Þannig sátu nemendur framhaldsdeildar tvisvar sinnum í sömu kennslustundinni. Um haustið 1986 var skipulaginu breytt þannig að túlkað var fyrir framhaldsdeildarnemendur í tímum. Sumarið 1987 þjálfuðum við Þórey, með Eyrúnu Ólafsdóttur og Júlíu G. Hreinsdóttur, fleiri kennara við skólann sem túlka. Um haustið túlkaði þessi hópur fyrir nemendur en á þeim tíma voru margir úr '64 árganginum í framhaldsskóla. Í minn hlut kom að túlka fyrir Júlíu í Proskapjálfskóla Íslands.

Proskapjálfskólinn býður upp á íslenskt táknafræðinámið

Skortur á táknafræðistúlkum og nauðsyn þess að byggja upp kennslu í íslensku táknafræði var algengt umræðuefni innan Proskapjálfskólans bæði meðal nemenda og kennara. Við veltum fyrir okkur hvernig hefja mætti nauðsynlega uppbyggingu til þess að hægt væri að tryggja túlkapjónustu og máluppeldi heyrnarlausra barna, skólagöngu og framtíðarmöguleika. Bekkjartúlkur Júlíu voru áhugasamir um að læra íslenskt táknafræði og Bryndís Víglundsdóttir skólustjóri vildi leggja sitt af mörkum. Hún

bauð nemendum að allt val í proskapjálfnáminu rúmlega 700 kennslustundir yrði íslenskt táknafræði. Markmiðið var að þeir gætu sérhæft sig í vinnu með heyrnarlausum börnum og unnið sem táknafræðistúlkar.

Við Júlía áttum að sjá um kennsluna. Bryndís fékk Brittu Hansen, forstöðumann samskiptamiðstöðvarinnar KC (Døves Center for Total Kommunikation) í Danmörku, til þess að hjálpa okkur af stað. Britta vann með okkur í eina viku í ágúst mánuði og við hófum kennsluna í september. Undir lok skólaársins fékk Bryndís Asger Bergman aðaltáknafræðistúlka KC til þess að aðstoða okkur við námsmat. Jafnhliða vann hún að því með fræðslu og fundahöldum að efla skilning íslensks skólafólks og embættismanna á nauðsyn þess að til yrði sambærileg stofnun á Íslandi og samskiptamiðstöðin KC var í Danmörku.

Svarta skýrslan

Í maí 1987 kom út Skýrsla um umbætur í málefnum heyrnleysingja á vegum Félagsmálaráðuneytisins (Svarta skýrslan). Niðurstaða hennar var að það þyrfti (1) Að mennta túlka og bæta túlkapjónustu (2) Að opna sambyli (3) Að auka kynningarstarfsemi um heyrnarleysi og sérstöðu heyrnar-skertra (4) Að ráða félagsráðgjafa. Stærsta vandamálið var talið vera skortur á táknafræðistúlkum.

Formaður Félags heyrnarlausra á þessum tíma var Haukur Vilhjálmsson. Hann notaði tækifærið þegar Asger Bergman var hér til þess að leita ráða hjá honum um hvernig mætti styrkja stöðu íslensku táknafræðisins. Hann spurði meðal annars hvort Asger teldi betra að reyna að berjast fyrst fyrir viðurkenningu íslensku táknafræðis eða því að fá Samskiptamiðstöð. Asger ráðlagði félaginu að vinna að því að stofnuð væri Samskiptamiðstöð í líkingu við KC í Danmörku. Sú stofnun gæti unnið að eflingu málsins og búið til rök fyrir viðurkenningu þess. Hann ráðlagði Hauki að boða alla hagsmunaaðila til fundar; döff fólk, foreldra, kennara



Góð þjónusta

BREYTIR ÖLLU



Nýtt Íslandsbankaapp

Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankaþjónustu hvar og hvenær sem er. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankaþjónustu á Íslandi*
og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app



og stjórnáamenn þar sem hugmyndin yrði kynnt. Asger benti á tvo fyrirlesara frá Danmörku, döff táknaáskennara og heyrandi móður, sem heppilegt væri að fá til að koma og tala á fundinum. Haukur skipulagði í apríl 1989 fund með dönsku fyrirlesurunum og bauð bæði stjórnáamönnum og hagsmunaaðilum. Húsfyllir var og öflug samstaða skapaðist um að vinna að stofnun samskiptamiðstöðvar sem ynni að rannsóknum, kennslu og túlkajónustu. Á árunum 1989 og 1990 héldu svo áfram heitar umræður um táknaálið og nauðsyn þess að fá samskiptamiðstöð eða táknaálsstöð til þess að vinna að málefnum íslenska táknaálsins.

Boltinn fer að rúlla

Fyrsta tillagan að samskiptamiðstöð kom fram hjá ríkisstjórn árið 1989. Hún gekk út á að gera reglugerð við Lög um málefni fatlaðra um þjónustu við heyrnarlausra. Samkvæmt tillögnum skyldi stofnunin, sem sinna ætti þjónustu við hópinn, heyrna undir félagsmálaráðuneytið. Félag heyrnarlausra og annað baráttufólk lagðist gegn þessu og benti á að ekki væru um að ræða þjónustu við fatlaða. Verkefni stofnunarinnar ættu að heyrna undir menntamálaráðuneytið. Um væri að ræða rannsóknir á tungumáli, kennslu, menningarstarf og túlkajónustu. Félagið óskaði eftir fundi með Svavari Gestssyni þáverandi menntamálaráðherra vegna reglugerðarinnar. Hann kom á fund með Félagi heyrnarlausra og öðrum hagsmunaaðilum í Rúgbrauðsgerðinni þar sem döff fólk kom upp í pontu hvert af öðru og talaði. Fólk var æst og reitt þegar það lýsti stöðu sinni og þeirri mismunun sem það bjó við. Bent var á að vegna stöðu táknaálsins væri döff fólk algerlega útilokað frá íslensku samfélagi og frá menntun og tækifærum. Nauðsynlegt væri að efla túlkajónustu, rannsóknir á íslensku táknaáli, kennslu þess, ráðgjöf við foreldra og annað sem rétti stöðu döff fólks. Menntamálaráðherra var bent á að verkefni þeirrar stofnunar, sem nú væri barist fyrir að fá, tengdust öll tungumáli og menningu, ekki fötlun. Miðstöðin ætti því að heyrna undir menntamálaráðuneytið.

Lög um SHH undirrituð og stofnunin sett undir menntamálaráðuneyti

Svo fór að Svavar Gestsson menntamálaráðherra lagði fram frumvarp til laga um

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í ræðu á Alþingi, þegar hann talaði fyrir lagafrumvarpinu, lýsti hann ferli málsins, að fjölmargir fundir hefðu verið haldnir og að fyrir lægju margvíslegar skýrslur, meðal annars skýrsla frá sérstökum starfshópi, sem í áttu sæti Berglind Stefánsdóttir fulltrúi Félags heyrnarlausra, Jóhann V. Ólafsson fulltrúi foreldra og höfundur þessarar greinar. Þar væri stöðu heyrnarlausra lýst og hvernig skynsamlegast væri að styrkja hana. Í lokin benti Svavar á að með flutningi þessa frumvarps um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra væri stigið fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna táknaálið sem tjáningarmál hér á landi við hliðina á íslensku. Það væri auðvitað mjög mikilvægt skref og skref í jafnréttisátt í þágu heyrnarlausra hér á landi. Lög um stofnunina voru samþykkt á Alþingi þann 21. desember 1990 og undirrituð á Bessastöðum þann 31. desember sama ár.

Samskiptamiðstöð verður til

Í janúar 1991 bauð menntamálaráðherra félagsmönnum og öðru áhugafólki til fundar þar sem hann sagði stofnun Samskiptamiðstöðvar vera ánægjulegasta málið í sinni ráðherratíð og tilkynnti að fyrsti stjórnarformaður stofnunarinnar og fulltrúi menntamálaráðuneytisins yrði Berglind Stefánsdóttir. Berglind var myndmenntakennari og hafði auk þess

yfirlýsing frá ráðherranum um mikilvægi þess að döff stýrðu sjálfir sínum málum. Í stjórninni voru þá tveir döff fulltrúar, fulltrúi Félags heyrnarlausra og formaðurinn, sem var fulltrúi menntamálaráðuneytis. Aðrir í stjórn komu frá foreldrafélagi, heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Skipun Berglindar í stöðu formanns stjórnar markaði stefnuna í upphafi og hafði áhrif á áframhaldandi þróun stofnunarinnar sem táknaálsstöðvar en Berglind var formaður til ársins 1996. Valgerður Stefánsdóttir var ráðin fyrsti forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar.

Mikilvægustu verkefni stofnunarinnar í upphafi

Heyrnarlaus fólk fékk ekki þjónustu á táknaáli fram til þess að Samskiptamiðstöðin var stofnuð. Lítið var vitað um íslenskt táknaál á þessum tíma enda voru engar rannsóknir stundaðar. Hvergi var boðið upp á regluleg táknaálsnámskeið, engin menntun var til fyrir táknaáskennara eða táknaáls túlka og döff fólk hafði varla aðgang að háskólanámi. Ekkert formlegt námsefni var til í íslensku táknaáli, einungis orðalistar og setningar á íslensku, sem reynt var að styðjast við í byrjendakennslu og þýða á íslenskt táknaál. Þeir sem unnu að uppeldi og menntun barna, sem fæðst höfðu heyrnarlaus, gátu hvergi lært táknaál. Fullorðið heyrnarlaus fólk hafði mjög takmarkaðan aðgang að túlkum og engin



Júliá G. Hreinsdóttir, Valgerður Stefánsdóttir og Berglind Stefánsdóttir við stofnun SHH árið 1991.

lært táknaálsmálvísindi við háskólann í Stokkhólmi. Þessi skipan var mikill stuðningur við íslenskt táknaál og

formleg túlkajónusta var til. Samfélag döff fólks var því einangrað í öllum málum sem kröfðust samskipta eins og til dæmis

menntun og fólk hafði lítil áhrif á eigin mál. Þetta þýddi að nánast alls staðar þurfti að byrja á byrjunarreit. Til þess að geta stutt foreldra við máluppeldi barna sinna eða byggt upp túlkapjónustu varð að byrja á rannsóknnum á táknmáli, semja námsefni, mennta táknaáskennara, búa til námskeið í íslensku táknmáli, ná samningum við menntastofnun um að bjóða nám í táknaáskennun og túlkun og búa til túlkanám.

Á árunum eftir stofnun Samskiptamiðstöðvar snerist stór hluti vinnunnar einnig um að upplýsa um nauðsyn táknaáskennun og menntun heyrnarlausra barna og ekki síður um að upplýsa fólk um að eðlilegt væri að heyrnarlausir sjálfir hefðu áhrif á ákvarðanir sem vörðuðu þá. Það þyrfti því alltaf að gera ráð fyrir túlkapjónustu þegar talað væri við heyrnarlaust fólk eða þegar málefni heyrnarlauss fólks væru til umfjöllunar. Til þess að vinna að verkefnum Samskiptamiðstöðvar voru Júlía Hreinsdóttir og Berglind Stefánsdóttir ráðnar sem táknaáskennarar strax um vorið og Þórey Torfadóttir sem táknaá-

stúlkur haustið 1991. Þá var Elís Másson ráðinn að stofnuninni til þess að vinna með okkur að rannsóknnum á málinu fyrir kennslu og námeðferð og Eyrún Ólafsdóttir, sem var menntaður setjari, til þess að setja upp námsefnið.

Þjónusta stofnunarinnar byggðist smám saman upp. Boðið var upp á táknaáskennun, námskeið og ráðgjafarþjónustu fyrir foreldra og fjölskyldur barna sem fæddust heyrnarlaus, kennarar og leikskólakennarar fengu táknaáskennun og barnabækur voru þýddar á táknaáskennun.

Í lok árs 1992 voru gerð áætlun til 10 ára. Markmið áætlunarinnar voru að árið 2003 væri:

1. til námsefni fyrir alls 180 kennslustunda nám í táknaáskennun eða tíu námskeið sem væru ætluð foreldrum, almenningi, vinnustöðum og fyrir kennslu í framhaldsskólum.
2. íslenska skólakerfið yrði til fyrirmyndar að því er menntun og þjónusta við

heyrnarlausar varðaði. Tvítyngd námskrá væri til staðar í grunnskólum og ólæsi útrýmt. Allir heyrnarlausir nemendur sæktu sér framhalds- eða starfsmenntun að loknu grunnskóla-prófi með þjónustu táknaáskennun.

3. Háskóli Íslands með þriggja ára BA-próf í táknaáskennun sem hluta af námsframboði.
4. öflugt og vel flokkað safn fjölbreytts efnis til á táknaáskennun s.s. barnaeefni, fréttanám, skemmtiefni, sögur og námsefni til á SHH.
5. stöðugt boðið upp á táknaáskennunskaið fyrir foreldra, til væri fræðsluefni og einu sinni í mánuði væru fyrirlestrar og fræðsla fyrir foreldra barna sem fæddust heyrnarlaus.
6. búið að leggja grunn að heildstæðri mállýsingu ÍTM, samanburði við skyld táknaáskennun, lýsingu á máltöku barna og kynslóðamun í málnotkun ÍTM.



Landsbankinn er efstur banka í Íslensku ánægjuvoginni

Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.

7. Íslenskt táknmál viðurkennt í lögum sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarlausir hefðu aðgang að öllum upplýsingum sem hugur þeirra stæði til á grundvelli táknmáls.

Samskiptamiðstöðin var málstöð og verkefni hennar snerust öll um ÍTM. Það var því mikilvægt fyrir starfsemina að íslenskt táknmál fengi lagalega viðurkenningu. Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð voru alla tíð samhent í að vinna að því að fá viðurkenningu á ÍTM. Stofnunin lagði sitt af mörkum með því að auka skilning innan stjórnýslunnar og með því að vinna að auknum réttindum döff fólks til táknmálsþjónustu. Sú vinna jók þekkingu og skilning stjórnmalamanna og embættismanna á mikilvægi ÍTM fyrir döff fólk.

Mikilvægasta verkefnið?

Fyrsta stóra verkefni stofnunarinnar og líklega eitt af þeim mikilvægustu í sögu hennar var samstarf við menntamálaráðuneytið og Háskóla Íslands um að koma á námi í táknmálsfræði og túlkun við HÍ. Samningar um að setja af stað fjögurra ára tilraunaverkefni um menntun táknmálstúlka tókust eftir tvö ár með því að Samskiptamiðstöð greiddi háskólanum kostnaðinn við verkefnið. Haustið 1994 hófst þetta tilraunaverkefni. Námið var greitt af menntamálaráðuneytinu með fjárframlagi til Samskiptamiðstöðvar en var hýst innan Háskóla Íslands. Samstarfsþópur fulltrúa Samskiptamiðstöðvar og Háskólans skipulagði námið en kennslu-

stjóri og kennarar voru úr hópi starfsfólks Samskiptamiðstöðvar. Mikill áhugi var fyrir þessu tilraunanámi í upphafi. Alls luku 52 nemendur prófi í einhverjum námskeiðum greinarinnar á fyrstu þremur árunum. Margir luku B.A.-prófi frá Háskóla Íslands með greinina sem aðal- eða aukagrein eða fóru í Kennaraháskóla Íslands með kunnáttu í íslensku táknmáli. Tveir hópar túlka voru brautskráðir úr náminu samtals 14 túlkar.

Nám hefst í táknmálsfræði

Árið 2001 hófst nám í táknmálsfræði á vegum Háskóli Íslands og Rannveig Sverrisdóttir var ráðin lektor frá 1. janúar 2002. Síðan þá hefur námið verið sérstök námsgrein við skólann. Flestir kennarar í táknmálsfræði og túlkun koma þó enn úr röðum starfsmanna Samskiptamiðstöðvar. Með háskólanámi í táknmálsfræði var lagður grunnur að faglegri vinnu sem var nauðsynleg til þess að stuðla að jafnrétti döff fólks í íslensku samfélagi. Lífi var blásið í rannsóknir með nýjum táknmálsfræðingum, kennsluaðferðir þróuðust og námsefnisgerð Samskiptamiðstöðvar eflidist. Úr náminu var stöðugt framboð af menntuðu fólki til þess að vinna að málefnum táknmálsins og veita fólk aðgang að upplýsingum í gegnum ÍTM svo sem með kennslu, túlkajónustu og þýðingum. Háskólanámið var því mikilvægur áfangi í eflingu íslensks táknmáls og til þess að ná fram lagalegri viðurkenningu þess.

Ég held að við getum fullyrt að ráðleggingarnar sem Asger Bergman gaf Hauki Vilhjálmssyni hafi verið réttar. Skapa þurfti skilning og þekkingu og byggja faglegan og fræðilegan grunn til þess að ná fram lagalegri viðurkenningu. Jafnframt þurfti að mennta táknmálstúlka og sjá fyrir túlkajónustu til þess að döff fólk gæti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og barist fyrir réttindum sínum.

SHH er og verður mikilvæg stofnun fyrir döff

SHH er mikilvæg stofnun sem vinnur með döff fólki að eflingu og verndun íslensks táknmáls og að því að fólk sem talar íslenskt táknmál öðlist jafnrétti. Það hefur verið ánægjulegt að mega taka þátt í vinnu og uppbyggingu á Samskiptamiðstöð og hún hefur fært mér marga góða vini. Ég hef kynnst einstöku menningarsamfélagi, þrautseigju og baráttu döff fólks fyrir viðurkenningu á íslensku táknmáli. Nú þegar ég hef látið af störfum sem forstöðumaður hef ég snúið mér að því að skrifa sögu íslensks táknmáls og um baráttu fólksins sem skapaði það og hélt því lifandi. Sagan er ekki alltaf falleg. Hún fjallar um vald og kúgun, illa og átakanlega meðferð á börnum en hún getur líka verið ótrúlega falleg þegar hún sýnir ráðsnilld döff fólks, þrautseigju þess og kraft, gagnkvæma væntumþykju, samheldni, samhjálp og ábyrgðartilfinningu og umhyggju gagnvart nýjum einstaklingum.



Kópavogsbær



Landsvirkjun



RÉTTSKIL



Maður ársins – 2020 –

Allt frá árinu 1976 hefur maður ársins verið valinn með kosningu félagsmanna þegar líður að árs hátíð félagsins. Ýmsir hafa hlotið þann heiður gegnum tíðina fyrir mismunandi afrek á mörgum sviðum.

Á afmælishátíð Félags heyrnarlausra 2020 voru eftirfarandi félagsmenn tilnefndir:



Viðtal við nýjan forstöðumann SHH

Nú í ársbyrjun 2019 var nýr forstöðumaður ráðinn hjá Samskiptamiðstöð heyrnarslausra og heyrnarskertra (SHH). Við starfinu tók Kristín Lena Þorvaldsdóttir sem er oftast kölluð Kría. Döfblaðið vildi gjarnan kynna Kríu betur og vita hver er hennar framtíðarsýn fyrir SHH.

Getur þú sagt okkur aðeins frá þinni menntun Kría og starfsreynslu áður en þú tókst við sem forstöðumaður SHH?

Ég er með BA próf í táknafræði og táknafræðistúlkun og meistaraþróf í íslensku málfraeði með áherslu á íslenskt táknafræði frá Háskóla Íslands. Ég hóf fyrst störf á Samskiptamiðstöð árið 2006 sem aðstoðarmaður við málþroskarannsókn og námsefnisgerð og eftir að ég lauk BA námi þá starfaði ég einnig sem táknafræðistúlkur við Samskiptamiðstöð til ársins 2008. Á árunum 2008-2012 starfaði ég við Háskóla Íslands sem stundakennari og síðar aðjúnt og greinarformaður í táknafræði og táknafræðistúlkun. Ég vann einnig við hin ýmsu rannsóknarverkefni í táknafræðum í samstarfi við aðra innlenda og erlenda táknafræðinga og málfraeðinga. Árið 2012 hóf ég aftur störf á Samskiptamiðstöð, þá sem málfraeðingur og síðar verkefnisstjóri rannsókna og námsefnisgerðar á táknafræðisviði og sinnti áfram kennslu við Háskóla Íslands, þá fyrir hönd Samskiptamiðstöðvar. Árið 2016 tók ég við starfi sviðsstjóra táknafræðisviðs og þar með yfirumsjón með verkefnum stofnunarinnar á sviði kennslu, rannsókna, námsefnisgerðar og ráðgjafar. Því starfi sinnti ég fram að degi íslenska táknafræðisins, 11. febrúar 2019, þegar ég tók við embætti forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar.

Nú hefur Valgerður verið forstöðumaður frá stofnun SHH um þriggja áratuga skeið. Eigum við von á breytingum með nýjum forstöðumanni?

Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar, með Valgerði í broddi fylkingar, hefur ávallt haft brennandi áhuga á þeim málefnum sem stofnunin vinnur að og sett markið hátt þegar kemur að þjónustu við döf fólk og málsamfélag íslensks táknafræðis. Þannig hefur Samskiptamiðstöð vaxið og



Kristín Lena Þorvaldsdóttir

aukið faglega þjónustu og þekkingarsköpun. Með nýjan forstöðumann í brúnni verða óhjákvæmilega einhverjar breytingar og nýjar áherslur. Ég kem þó ekki til með að breyta stóru línunum, enda er hlutverk Samskiptamiðstöðvar skýrt í lögum um stofnunina og það er hlutverk löggjafans að gera breytingar á því ef þörf krefur. Hins vegar legg ég einna helst áherslu á að Samskiptamiðstöð nýti sér tækni í mun meiri mæli en gert hefur verið, s.s. með fjarþjónustu (fjárnámi, -ráðgjöf og -túlkun), fræðslu á netinu og rafrænni skjalavinnslu. Með aðstoð tækninnar er hægt að ná fram hagkvæmari og skilvirkari þjónustu á ákveðnum sviðum og skýrari og sýnilegri verkferlum fyrir starfsfólk og viðskiptavinum stofnunarinnar. Þá legg ég einnig áherslu á mikilvægi uppbyggilegs samstarfs við alla þá aðila sem koma að þjónustu við táknafræðistalandi fólk, ekki hvað síst hagsmunasamtök þeirra sem mynda málsamfélag íslensks táknafræðis og stuðla að framgangi þess.

Hver eru helstu verkefni stofnunarinnar?

Eins og núverandi lög og reglugerðir kveða á um ber Samskiptamiðstöð að sinna kennslu, rannsóknum, túlkun og annarri þjónustu á starfssviði stofnunarinnar, s.s. námsefnisgerð og ráðgjöf. Þjónustan skal sérstaklega nýttast þeim sem nota táknafræði til daglegra samskipta en áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökuvaldri og nemendur á öllum skólastigum.

Á Samskiptamiðstöð eru unnin ótal verkefni á starfssviði stofnunarinnar en verkefnin eru ærin og það fjármagn sem veitt er til stofnunarinnar á ári hverju er ekki nægjanlegt til þess að hægt sé að ráða starfsfólk til að sinna þeim öllum samtímis. Samskiptamiðstöð hefur því ráðið til sín fjölbæft starfsfólk sem getur sinnt mörgum af þeim verkefnum sem stofnuninni ber að sinna og er starfsfólk fært á milli verkefna eftir þjónustupörf á hverju fagsviði á hverjum tíma. Kennarar sinna t.d. einnig námsefnisgerð, táknafræðistúlkun sinna einnig þýðingum á nytjatextum og aðstoða við rannsóknir og rann-

sakendur, þýðendur, ráðgjafar, gagnaritarar og stjórnendur leysa ýmist af í kennslu og/eða túlkun þegar álag og eftirspurn eftir þjónustu á þeim sviðum eykst. Flest starfsfólk Samskiptamiðstöðvar er með háskólapróf í táknafræði og táknafræðistúlkun en einnig eru kennaramenntaðir starfsmenn, einhverjir starfsmenn með viðbótar- eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi og flestir með háan starfsaldur við stofnunina. Á Samskiptamiðstöðvar starfa bæði döf og heyrandi starfsmenn og allir starfsmenn tala íslenskt táknafræði.

Flest verkefni stofnunarinnar eru á sviði túlkunar og kennslu en það er einna helst túlkunin sem er sýnileg döf samfélagi. Önnur verkefni stofnunarinnar eru þó ekki síður mikilvæg fyrir döf fólk, málsamfélag íslensks táknafræði og framgang þess. Þau byggja undir nám táknafræðistúlka og endurmenntun þeirra en ekki hvað síst byggja þau undir táknafræðni fjölskyldna döf barna, starfsmanna í málumhverfi barnanna og atvinnuumhverfi fullorðinna döf með kennslu, námsefnisgerð, rannsókn- um, þýðingum, ráðgjöf, varðveislu málsýna og innlendu og alþjóðlegu samstarfi. Öll verkefni Samskiptamiðstöðvar stuðla að jafnrétti táknafræðistalanda fólks til þjónustu í þjóðfélaginu á grundvelli íslensks táknafræði.

Það eru greinilega mörg misjöfn verkefni í gangi hjá stofnuninni en hver er þín framtíðarsýn fyrir SHH?

Mín framtíðarsýn fyrir Samskiptamiðstöð byggir á þessari kjarnastarfsemi auk laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknafræði. Ég vil að Samskiptamiðstöð haldi stöðu sinni sem málstöð íslensks táknafræði og haldi áfram að sinna faglegri sérfræðipjónustu á grundvelli íslensks táknafræði með það að markmiði að táknafræðistalandi fólk geti átt í óhindruðum samskiptum á íslensku táknafræði og njóti sömu réttinda og aðrir í samfélaginu. Ég vil efla samstarf milli Samskiptamiðstöðvar og annarra stofnana sem veita

táknafræðistalandi fólki þjónustu eða vinna í þágu íslensks táknafræði. Þá tel ég nauðsynlegt að tryggja að stofnanir og sveitarfélög sem geta ekki sinnt þjónustu á grundvelli íslensks táknafræði leiti til Samskiptamiðstöðvar eftir ráðgjöf, túlkun, kennslu, námsefni eða öðru því sem þarf til að gæta að rétti fólks í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknafræði.

Ég vil sjá að sjálfsagt þyki, alls staðar í þjóðfélaginu, að foreldrar barna með skerta heyrn leiti til stofnunarinnar og þekki mikilvægi íslensks táknafræði fyrir sjálfsmynd og máluppeldi barnanna. Ég vil stuðla að því að Samskiptamiðstöð sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður sem starfsfólk getur verið stolt af og að verkefni hennar séu eftirtektarverð og skipti máli fyrir döf fólk, málsamfélag íslensks táknafræði og samfélagið í heild sinni. Ég vil stefna að því að starfsfólk Samskiptamiðstöðvar verði ávallt fremst í flokki hvað varðar nýja þekkingu á sviði táknafræðistúlkunar, -kennslu, -rannsókna, -máltöku og annarrar þjónustu á grundvelli íslensks táknafræði og sé í góðum tengslum við málsamfélag íslensks táknafræði og þarfir þess. Síðast en ekki síst vil ég að stofnuninni sé ætlað nægilegt fjármagn til að geta sinnt hlutverki sínu, ráðið til sín fleira fagfólk til að sinna þjónustu við málsamfélagið.

Hvað með stefnumótun fyrir íslenskt táknafræði? Er hún á döfni?

Ljóst er að gríðarlega brýn þörf er fyrir stefnumótun fyrir íslenskt táknafræði þar sem lög er varða málefni táknafræðistalanda fólks, þ.m.t. lög um Samskiptamiðstöð, eru endurskoðuð og aukið fjármagn sett í a.m.k. brýnustu verkefni, s.s. er varða máltöku barna, rétt barna og fjölskyldna þeirra til táknafræðináms og táknafræðisumhverfis og þátttöku táknafræðistalanda fólks í atvinnulífinu. Stefnumótun fyrir íslenskt táknafræði myndi móta jákvæðari hugmyndafræði um málsamfélagið og skipta sköpum

fyrir stöðu-, viðhorfa- og máltökustýringu íslensks táknafræði. Samskiptamiðstöð gegnir mikilvægu hlutverki í málstýringu íslensks táknafræði, stöðu málsins og málhafa þess í íslensku samfélagi og mikilvægt er að stofnunin taki þátt í stefnumótun um málið ásamt hagsmunaaðilum í málefnum táknafræðistalanda fólks og tengdum stofnunum.

Innan mennta- og menningarmálaráðuneytis er í farvatninu skipun verkefnahópa sem eiga að vinna málstefnu um íslenskt táknafræði annars vegar og endurskoða lög um Samskiptamiðstöð hins vegar. Útlit er fyrir að hvoru tveggja verði unnið í samstarfi við Samskiptamiðstöð, Félag heyrnarlaustra, Málnefnd um íslenskt táknafræði og Háskóla Íslands.

Nú hefur SHH verið duglegt við að sinna ýmsum rannsóknum. Er von á því áfram og ef svo er hver eru helstu rannsóknarverkefni í dag?

Helstu rannsóknarverkefni sem unnið er að á Samskiptamiðstöð í dag eru á sviði máltöku og málproska. Útlit er fyrir að það svið verði áfram aðalviðfangsefnið á komandi misserum enda gríðarlega mikilvægt að fylgjast með stöðu barnanna sem koma til með að byggja upp málsamfélag íslensks táknafræði í framtíðinni. Rannsóknirnar eru að mestu leyti hagnýtar og nýtast strax við mat á málproska og táknafræðni barna og þannig inn í leik- og grunnskólustarf barnanna. Gott samstarf við foreldra barna með skerta heyrn og leikskólann Sólborg hefur haft mikil og jákvæð áhrif á rannsóknarvinnuna á Samskiptamiðstöð og höfum við lagt áherslu á að miðla niðurstöðum rannsókna til þessa hóps sérstaklega.

Sú staða að íslenskt táknafræði er mál í útrýmingarhættu og að stærstur hluti táknafræðistalanda barna á Íslandi elst upp við tvö móðurtáknafræði hefur vakið athygli



erlendra fræðimanna. Samskiptamiðstöð hefur því verið í góðu samstarfi við erlenda sérfræðinga á sviði máltöku og málþroska og miðlar niðurstöðum úr samstarfsverkefnum á ráðstefnum og í fagritum víða um heim. Frumniðurstöður sýna að áhrif erlendra táknmála á mál táknmálstalandi barna á Íslandi í dag eru mikil, ekki eingöngu í táknaforða heldur einnig í málfræðilegri uppbyggingu málsins. Þetta er þróun sem Samskiptamiðstöð mun halda áfram að fylgjast grannt með.

Þetta er merkilegt viðfangsefni. Er eitthvert rannsóknarsamstarf milli SHH og Háskóla Íslands sem er jú rannsóknarháskóli?

Samstarf Samskiptamiðstöðvar og Háskóla Íslands hefur verið ákaflega farsælt á sviði kennslu og rannsókna. Nýverið var formlega undirritaður samstarfsamningur milli stofnananna tveggja þar sem m.a. er lögð áhersla á að tryggja gæði rannsóknarstarfs á sviði íslensks táknmáls og stuðla að framgangi rannsókna á málinu og málsamfélagi þess. Þá stendur Samskiptamiðstöð að Rannsóknastofu í táknafræðum ásamt Málvísindastofnun Háskóla Íslands og stuðlar þannig að auknum rannsóknum á íslensku táknmáli og málefnum því viðkomandi. Samstarf Samskiptamiðstöðvar og Háskóla Íslands á sviði kennslu og rannsókna á undanförunum áratugum hefur einnig haft þau áhrif að nýjar rannsóknarniðurstöður eiga greiðari leið inn í kennslu íslensks táknmáls, bæði við háskólann og á Samskiptamiðstöð. Þá hefur Samskiptamiðstöð verið bakhjarl margra grunn- og framhaldsnema við Háskóla Íslands sem vinna lokaverkefni á fagsviðum stofnunarinnar og ýmist veitt þeim aðstöðu, aðstoð eða aðgang að gögnum.

Hvað með Félag heyrnarlausra, er ekki samstarf á milli SHH og Fh?

Jú það hefur verið mikið og gott samstarf í gegnum tíðina. Félag heyrnarlausra hefur t.a.m. verið mikilvægur bakhjarl rannsókna á Samskiptamiðstöð en góð tengsl við málsamfélagið og greiður aðgangur að málhöfum með milligöngu félagsins hefur reynst okkur ómetanlegt.

Eitt brýnasta verkefnið á sviði táknafræðis rannsókna í heiminum er mótun málheildar (e. corpus). Það er stórt safn málsýna

og nákvæm skráning málfræðilegra þátta. Málheild fyrir íslenskt táknafræði myndi skapa sterkan grunn fyrir frekari i) rannsóknir á málfræði íslensks táknafræðis, s.s. til kennslubókargerðar fyrir öll skólastig, ii) rannsóknir á máltöku og málþroska barna, svo hægt sé að skapa heilsteypari grunn sem skilar sér í sterkari málhöfum til framtíðar, iii) rannsóknir á þróun íslensks táknafræðis, svo hægt sé að varðveita sögu þess í fortíð, nútíð og framtíð og síðast en ekki síst, til að íslenskt táknafræði haldi í við þróun í málfræðni svo hægt sé að móta leiðir í notkun þess í samskiptum manns og tölvu. Gerð málheildar krefst kunnáttu menntaðra sérfræðinga á sviðinu, fjölda þjálfara málhafa í gagnaritun og -söfnun, fjölda málsýna frá málhöfum og drjúgmikils fjármagns til framkvæmdarinnar og varðveislu málheildarinnar um ókominn tíma. Nú þegar hafa sérfræðingar sem tala íslenskt táknafræði háskólamenntun á sviði málfræði og málheilda táknafræði, nokkrir málhafar hafa hlotið þjálfun í gagnaritun og söfnun á vegum Rannsóknastofu í táknafræðum og Samskiptamiðstöð hefur frá stofnun varðveitt málsögu íslensks táknafræðis með söfnun málsýna frá málhöfum. Fjármögnun er helsta hindrun í því að málheild fyrir íslenskt táknafræði geti orðið að veruleika, en fáist fjármagn til verksins og með áframhaldandi góðu samstarfi við Félag heyrnarlausra og vilja málhafa íslensks táknafræðis til að styðja við rannsóknir og þróun málsins ætti vegurinn að vera nokkuð greiður.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri við lesendur að lokum?

Samskiptamiðstöð verður 30 ára um næstu áramót. Á undanförunum þremur áratugum hefur Samskiptamiðstöð átt stóran þátt í viðtækum breytingum á þjónustu við döfð samfélag á grundvelli íslensks táknafræðis. Í dag eru tugir nemenda útskrifaðir úr táknafræði og táknafræðistúlkun, en það nám var sett á fótt fyrir tilstuðlan Samskiptamiðstöðvar. Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar sinnir enn stórum hluta kennslunnar við faggreinina og hefur námið m.a. orðið til þess að túlkajónusta Samskiptamiðstöðvar er sjálfsagður og eðlilegur hluti af daglegu lífi döfð fólks. Á undanförunum áratugum hefur Samskiptamiðstöð einnig séð um kennslu íslensks táknafræðis á öðrum skólastigum og fyrir almenning og sífellt

fleira heyrandi fólk getur því átt í beinum samskiptum við döfð fólk á íslensku táknafræði. Með samstarfi Samskiptamiðstöðvar við innlenda og erlenda málfræðinga eiga rannsóknir á íslensku táknafræði þátt í sköpun þekkingargrunns fyrir málfræði táknafræði í heiminum. Og með samstarfi Samskiptamiðstöðvar við Hlíðaskóla og Menntamálastofnun á sviði námefnisgerðar og þýðinga hefur skilningur aukist á mikilvægi þess að börn fái námsefni á sínu móðurmáli, íslensku táknafræði.

Þekking á kennslu íslensks táknafræðis, námsefnisgerð, þýðingum, rannsóknum og ráðgjöf hefur þróast og mótast í áráttu rás og þykir Samskiptamiðstöð eftirsóknarverður samstarfsaðili og ráðgjafi annarra þjóða í alþjóðlegum verkefnum. Samskiptamiðstöð veitir þjónustu sína á öllum fagsviðum stofnunarinnar á grundvelli þekkingarsköpunar sem hefur mótast og eflst innan hennar í þrjú áratugi. Þessi þekkingarsköpun er grundvöllur fyrir öflugum málfræðum og faglegum þjónustu á grundvelli íslensks táknafræðis hér eftir sem hingað til.

Ég vil nýta tækifærið og hvetja alla viðskiptavinum stofnunarinnar til að vera í góðu sambandi við okkur og láta okkur vita þegar okkar fólk gerir góða hluti fyrir samfélagið en láta okkur einnig vita ef einhverju er ábótavant. Þannig getum við reynt að bæta þjónustuna við döfð fólk og málsamfélag íslensks táknafræðis. Ég vil líka nota tækifærið og hvetja málhafa íslensks táknafræðis til að taka virkan þátt í að byggja upp málsamfélagið, vera málfráfrýndir táknafræðistalandi barna, sækja menntun sem styður við íslenskt táknafræði og framþróun t.d. á sviði málvísinda, málfræðni, kennslu og þýðinga og sækja í störf sem eru íslensku táknafræði og næstu kynslóðum málhafa til framdráttar.

Við þökkum Kríu nýjum forstöðumanni SHH fyrir spjallið. Það er margt áhugavert og spennandi sem verið er að vinna að í þágu ÍTM og okkar döfð. Við hlökkum til að fylgjast með framvindunni og því samstarfi sem er milli SHH, Fh og Háskóla Íslands á næstu árum.

SPORTHÚSIÐ




Á þetta við um þig?

- Viltu æfa í rólegri líkamsræktarstöð?
- Vantar þig aðstoð til að komast af stað?
- Viltu aðhald og stuðning frá þjálfara?

Í Sporthúsinu Gull færðu:

- Einstaklingsmiðuð æfingakerfi.
- Stuðning og aðhald þjálfara með reynslu af stoðkerfisvandamálum.
- Mælingar og ráðgjöf eftir þínum þörfum.



Frír viðtalstími, bókanir í gull@sporthusid.is

Rannsóknir á íslensku táknmáli (ÍTM)

Í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) er Nedelina Ivanova fagstjóri en hún hefur unnið hjá SHH frá árinu 2008. Málfræði tákn máls er hennar aðaláhugamál en hún vann m.a. við gerð tákn málsorðabókar á málvísindalegum forsendum. Nú er í gangi rannsókn á máltöku tákn málslandi barna en sú gagnasöfnun hefur staðið yfir í 10 ár. Við tókum Nedelinu tali og forvitnuðumst betur um rannsóknir og starf hennar hjá SHH.



Nedelina Ivanova fagstjóri SHH.

Nedelina hversu mikla áherslu leggur SHH á rannsóknir á ÍTM?

SHH leggur mikla áherslu á rannsóknir á ÍTM, bæði á hagnýtar og fræðilegar rannsóknir en á þeim er munur.

Fræðilegar rannsóknir hjálpa okkur að skilja afstæð lög mál/reglur sem gilda í ÍTM og lýsa þeim, útskýra hvað er að gerast í tungumálinu og setja niðurstöðurnar í fræðilegt samhengi. Þannig fæst t.d. með fræðilegum rannsóknnum formleg lýsing á málfræði ÍTM. Þegar hún liggur fyrir getum við borið málfræði ÍTM saman við málfræði annarra tákn mála og séð hvað er líkt eða ólíkt með þeim. Fræðilegar rannsóknir setja þannig niðurstöður rannsókna á ÍTM í fræðilegt samhengi og dreifa vitneskjunni um víða veröld. Með þessum hætti er verið að safna nýrri þekkingu. Niðurstöður fræðilegra rannsókna eru grundvöllur fyrir margar hagnýtar rannsóknir.

Hagnýtar rannsóknir leggja áherslu á að prófa kenningar og skila því skilningi á því sem verið er að rannsaka. Þannig að með því að stunda hagnýtar rannsóknir á máli barna fáum við t.d. að vita hvernig það mál er öðruvísi en mál fullorðinna. Kenning okkar gæti verið á þann veg að mál barna sé nákvæmlega eins og mál fullorðinna en þegar vel er skoðað kemur í ljós að sú kenning sem við göngum út frá er ekki rétt og við leitum skilnings á hvernig á því stendur. Hagnýtar rannsóknir leitast eftir því að leysa eitthvað. Niðurstöður hagnýtra rannsókna nýtast í fræðilegar rannsóknir.

Hverju eiga þessar rannsóknir að skila samfélaginu?

Niðurstöður rannsókna almennt skila sér í aukinni þekkingu á tungumálinu og í betri þjónustu við viðskiptavinum okkar. Niðurstöðurnar nýtast beint í þjónustuna sem stofnunin veitir, s.s. tákn málstúlkun, kennslu ÍTM á öllum sviðum - HÍ, á fjölskyldunámskeiðum, á námskeiðum fyrir almenning eða fyrir framhaldskólanemendur og einnig í ráðgjöf til foreldra barna með skerta heyrn.

Niðurstöður málfræðilegra rannsókna skila þekkingu á tungumálinu, á uppbyggingu þess. Þær leiða af sér lýsingu á tungumálinu. Málfræðilegar rannsóknir skila því að ÍTM er ekki einhverjar handahófskenndar hreyfingar í loftinu með enga merkingu heldur náttúrulegt tungumál með eigin málfræði. Almenn-ingur verður því meðvitaður um það.

SHH sér að miklu leyti um túlkabjónustu, eru einhverjar rannsóknir á túlkun í gangi?

Við höfum verið að rannsaka ýmsar hliðar túlkunar gegnum tíðina. Rannsóknir á túlkun skila sér í betri túlkabjónustu fyrir viðskiptavinum okkar, bæði fyrir þann sem er döff og þann heyrandi, t.d. þú túlkar ekki á sama hátt fyrir börn og fyrir fullorðna, á ráðstefnu eða í afmælisveislu o.s.frv.. Með því að skoða t.d. mikilvægi undirbúnings fyrir túlkun færð þú vitneskju um hvort undirbúningur skili sér

í betri túlkun eða ekki. Með rannsóknnum á túlkun þróast tákn málstúlkarnir í starfi.

SHH hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands um kennslu á ÍTM. Hversu mikilvægar eru rannsóknir á kennsluháttum ÍTM?


Rannsóknir á kennslu eru mikilvægar fyrir gæði hennar. Með því að íhuga eigin kennsluhætti er kennari að þróast í starfi þar sem hann getur kennt nemendum enn betur. Að skoða kennsluefni og kanna t.d. hvernig það nýtist nemendum eða hvernig kennarar upplifa að kenna það leiðir til frekari þróunar á kennsluefninu. Með því að skoða fylgni námsskrár og námsefnis færðu vitneskju um hvort samfella sé í kennslunni. Allar niðurstöður leiða af sér þróun í starfi sem skilar sér í betri kennsluháttum ÍTM.

Hvenær byrjuðu rannsóknir á ÍTM hjá SHH?

Rannsóknir á SHH byrjuðu um leið og stofnunin var stofnuð, þ.e.a.s. fyrir 30 árum. Það er því löng hefð fyrir rannsóknum á SHH. Ég spurði Valgerði Stefánsdóttur einhvern tímann: „Hvað voruð þið að rannsaka þegar SHH var stofnuð, þegar þið voruð að byrja?“ Svárið var: „Tungumálið, Nedelina, tungumálið. Við þurftum að vita hvað væri í tungumálinu svo að við gætum kennt það. Við vorum líka að skoða túlkun, hvernig túlkum við.“

Hvað er búið að skoða og hvar er hægt að nálgast niðurstöður/upplýsingar rannsókna?

Í gegnum árin er búið að skoða margt en það hefur ekki allt verið gefið formleg út. Á vefsíðu okkar (shh.is) er ítarlegt yfirlit yfir birtar greinar og MA lokaritgerðir um málfræði ÍTM. Greinar um málfræði ÍTM hafa verið birtar m.a. í tímaritinu Íslenskt mál og almenn málfræði og í erlendum fræðiritum. Greinar er einnig að finna á SignWiki.is/Greinar. BA namar í tákn málsfræði hafa skrifað ritgerðir og eru þær ritgerðir ásamt M.A. ritgerðum um ÍTM aðgengilegar á skemman.is



Sigríður Vala, Sindri og sonur þeirra Hannes.

Hvað er verið að skoða hjá SHH í dag?

Máltaka döff barns á ÍTM. Fyrir ári síðan hófst rannsókn til þriggja ára þar sem fylgst er með máltöku döff barns döff foreldra frá fæðingu þess. Foreldrarir taka upp samskipti við barnið sitt í ólíkum aðstæðum. Ég fæ myndböndin og greini mál barnsins í smáatriðum, s.s. hvaða handform barnið notar og á hvaða aldri, hvernig svipbrigði barnið notar, hvernig barnið tjáir sig án þess að nota tákni eins við fullorðna fólk, hvernig barnið lærir merkingu tákna o.s.frv. Ég athuga líka hvað foreldrarir gera, hvernig örva þau mál barnsins svo að seinna meir sé hægt að gefa dæmi um innihaldsríka málörvun á ÍTM. Þetta er einstaklega áhugaverð rannsókn og krefjandi á sama tíma. Það er ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvað barnið er að segja eða af hverju barnið tjáir sig með þeim hætti sem það gerir. Miklar umræður skapast þegar við foreldrarir sitjum saman og veltum fyrir okkur tjáningu barnsins. Þessi langtíma rannsókn krefst einlægs áhuga af foreldrunum og skuldbindingar. Á grundvelli niðurstaðna hennar munu stig í máltöku á ÍTM liggja fyrir.

Kynning á fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar leiddi til þess að önnur fjölskylda hafði samband við mig af fyrra bragði og lýsti áhuga á að taka þátt í sambærilegri rannsókn með barni sínu. Þannig að ný rannsókn er að hefjast á máltöku barns með kuðungsígræðslu á ÍTM. Svipuð langtímarannsókn hefur ekki átt sér stað hingað til. Niðurstöður þessarar rannsóknar mun koma til með að skila þekkingu á stigum í máltöku tvítýngis barns. Þetta er mjög dýrmæt þekking. Foreldrarir eru full af eldmóði og hugsjónum.

Áhrif tvítýngis döff málfara á ÍTM. Þessi rannsókn hófst 2018 og er hún unnin í samstarfi við dr. Helenu Koulidobrovu. Verkefnið var styrkt líka af Próunarsjóði innflytjendamála. Tilgangur rannsóknar er tvíþættur, annars vegar að safna upplýsingum um hvernig er málþroski á tveimur táknumálum frábrugðin málþroska, annars vegar á tveimur raddmálum og hins vegar málþroska á tákni- og raddmáli? Hins vegar er verið að kann hvaða áhrif hefur málnotkun fjöltyngdu barnanna á íslenska táknumálið?

Rannsóknir hafa sýnt að allt að 95% döff og heyrnarskertra barna eiga heyrandi foreldra. Á Íslandi, eins og víðast annars staðar, eru flestir döff einstaklingar þeir einu í sinni fjölskyldu sem nota ÍTM, þar af leiðir er ekki algengt að döff börn hafi aðgang að fullorðnum döff málhöfum í sínu málumhverfi. Hins vegar hefur Ísland tekið á móti döff innflytjendum sem eiga

annað táknumál að móðurmáli en ÍTM og þeir einstaklingar ala sín döff börn sem öll eru fædd á Íslandi, upp með tvö táknumál, sitt eigið og ÍTM sem börnin læra í leik- og grunnskóla. Íslensku aðstæðurnar eru algjörlega einstakar að því leyti að döff börnin hér eru á máltökualdri og fæddust öll hér. Erlendis er algengara að döff foreldrar döff barna flytji með þau á grunnskólaaldri eða síðar á milli landa og því einstakt á heimsvísu að skoða máltöku í þessu samhengi.

Fyrstu niðurstöður á áhrif döff barna af erlendum uppruna á ÍTM benda til þess að döff börnin séu að skapa millimál sem er samblanda af málfraeði ÍTM og málfraeði móðurtáknumála barnanna. Við sjáum þessar breytingar í því hvernig tákni eru gerð, hvernig táknaðin í setningunum er og hvernig börnin nota sjónarhornið í táknrýminu þegar t.d. staðsetningar eru útskýrðar. Með tímanum munum við sjá hvernig þetta millimál barnanna kemur til með að þróast, verði málið þeirra að ÍTM eða ÍTM breytist vegna áhrifa þessa millimáls. Við eigum eftir að greina öll gögnin og setja niðurstöðurnar í samhengi. Ég vil þakka öllum börnunum fyrir þátttökuna því án þeirra hefði þessi rannsókn aldrei orðið.

Hólmfríður Þóroddsdóttir, meistaranemi í Fjölmenningsfræði við Deild menntunar og margbreytileika er að skrifa M.A. ritgerð sína um þessar mundir og er að rannsaka áhrif undirbúnings á túlkun og hvernig er best að sinna honum.



Valgerður Stefánsdóttir, doktorsnemi í málvísindalegri mannfræði við HÍ er að skoða uppruna og þróun íslenska táknmálsins í doktorsritgerð sinni. Í rannsókninni mun hún skoða hvernig íslenska táknmálið varð til og í hvaða umhverfi það spratt upp. Ef til vill byrjaði það að þróast þegar fyrsti skóli heyrnarlausra á Íslandi var stofnaður árið 1867 ef til vill síðar. Því er yfirleitt haldið fram að það sé fyrst og fremst í skólanum sem heyrnarlaus börn tileinka sér móðurmál sitt. Skólasagan er skoðuð, þau öfl sem voru að verki innan skólans og úti í samfélaginu og áhrif þeirra á íslenskt táknmál og þróun þess. Hún leggur þó mesta áherslu á söguna sem döff fólk sjálf segir af skólanum og samfélaginu.

Júlía G. Hreinsdóttir, meistaranemi í kennslu og menntunarfræðum er að

vinna að M.Ed. ritgerð sinni um þessar mundir. Rannsóknarspurning hennar er: Hvað lá að baki baráttu döff fyrir viðurkenningu á íslensku táknmáli sem fullgildu tungumáli? Tilgangurinn er að safna saman og skrásetja baráttusögu döff fyrir viðurkenningu á íslensku táknmáli sem fullgildu tungumáli. Markmiðið er að skilja hvað liggur að baki baráttusögu döff fyrir viðurkenningu á íslensku táknmálinu sem fullgildu tungumáli, þ.e. hvaða ástæður liggja að baki þessarar baráttu.

Eitthvað að lokum fyrir lesendur?

Rannsóknir á ÍTM eru mjög áhugavert svið. Allir geta stundað rannsóknir. Það eina sem þarf er áhugi. Sem dæmi um rannsókn sem hver og einn málhafi getur stundað er t.d. að pæla í hvernig nota ég táknið KLUKKA, hvenær segi ég KLUKKA

og hvenær TÍMI; eða ef ég breyti hreyfingu í einhverju tákni myndi ég fá annað tákni eða ekki, hvað gerist? Hvernig tjái ég ást á ÍTM, hvað segi ég? Hvernig skamma ég barnið mitt á ÍTM? Nota ég alltaf tákni eða tala svipbrigðin sínu máli ein og sér? Við hvaða aðstæður nota ég ÍTM og við hvaða aðstæður blanda ég ÍTM og íslensku? Hvaða tákni ríma? Hvernig bý ég til krossgátur á ÍTM? Þetta eru fáein dæmi um rannsókn sem hver og einn getur framkvæmt. Rannsóknir á tungumáli snúast um að vera meðvitaður um tungumálið sjálft og að leika sér með og að því.

Endilega sendið mér niðurstöður rannsókna!

BLUE LAGOON
ICELAND

SORPA
ÁRANGUR Í UMHERFISMÁLUM



KSPROTECT
CERAMIC HÚÐUN



ALVÖRU CERAMIC HÚÐUN Á ALVÖRU VERÐI
SÍMI 8444456 - KSPROTECT.IS



ÁSGARÐSLAUG

Nýendurbætt sundlaug, 25 m útilaug
samtengd við litla barnalaug.
Gufubað, heitir pottar og kaldur pottur, líkamsrækt.
Góð aðstaða fyrir fatlaða.

.....
Afgreiðslutími:

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00

Laugard og sunnud kl. 08:00 – 18:00

.....
Íþróttamiðstöðin Ásgarður
Sími: 550 2300

SUNDLAUGAR

FRÁBÆR AFÞREYING, FJÖR, LÍKAMSRÆKT OG SLÖKUN!

GARÐABÆJAR



ÁLFTANESLAUG

Eina öldulaug landsins og stærsta
vatnsrennibrautin 10 m há og 80 m löng.
Útilaugin er 25 m, innanhúslaug, heitir pottar,
buslulaug, gufubað og líkamsrækt.
Góð aðstaða fyrir fatlaða.

.....
Afgreiðslutími:

Mánud - föstud kl. 06:30 – 21:00

Laugard og sunnud kl. 10:00 – 18:00

.....
Breiðumýri, Álftanes,
Sími: 550 2350



GARÐABÆR

gardabaer.is

Hvað er gott líf aldraðra döff?

Þegar við eldumst og þroskumst vill oft á tíðum hægja á lífinu. Þegar við erum yngri er svo margt um að vera, svo mikið sem þarf að gera og enn meira sem þarf að sjá. Það má ekki missa af neinu en í miðri hringiðunni við að gera allt gleymist að njóta augnabliksins. Það að verða eldri borgari býður uppá heilmörg tækifæri til að njóta lífsins á sínum forsendum. Júlía G. Hreinsdóttir hélt eftirminnilegan fyrirlestur í Gerðubergi í september sem bar yfirskriftina „Hvað er gott líf aldraðra?“. Upphaflegur fyrirlestur er eftir Anders Bergmann og varð til eftir Norðurlandamót aldraðra í Álaborg vorið 2019. Hér eftir fjöllum við um þennan fyrirlestur og veltum fyrir okkur hvað sé gott líf.

„Baby-boom“ eða barnasprengjukynslóðin (1945-1960)

Eldri borgarar í dag eru talsvert ólíkir eldri borgurum fyrri kynslóða. Sú kynslóð sem er komin á efri ári í dag var stundum nefnd „baby boom“ á ensku þar sem þeir einstaklingar fæddust eftir seinna stríð og eignuðust flestir mörg börn. Þessi kynslóð er heilsuhraustari og lifir lengur en fyrri kynslóðir. Líkamlegt erfði við vinnu er minna nú en áður, við höfum hugsað betur um heilsuna, fengið betri lækningarnáttúru og almennt betra atléti.

Danskir döff eldri borgarar sem eru orðnir 75+ ára hafa flestir „eingöngu“ skólagöngu heyrnleysingjaskólans og hafa unnið handverksvinnu. Það koma nýir hópar af döff eldri borgurum með aðrar óskir og væntingar á um 10 ára fresti sem taka þarf mið af. Líklega er þetta svipað í hinum Norðurlöndunum.



Maður er manns gaman

Við elskum félagsskap hvert annars og verðum að vera dugleg að hitta fólk sem er í svipuðum sporum. Gott tækifæri til þess eru Norðurlandamótin þar sem táknmál er allsráðandi. Besta ráðið við einmanaleika sem hrjáir marga eldri borgara er að taka þátt í skipulögðum samkomum. Þar kynnist fólk og eignast vini jafnvel frá öðrum löndum. Samt eru margir sem taka ekki þátt, hvers vegna?

Áður var táknmálið okkar eingöngu bundið við fáar tómsundir sem voru í boði og guðspjónustur en nú er táknmál og táknmálstúlkun útbreidd og tæknin hefur fært okkur nær öðrum heyrnarlausum einstaklingum. Við verðum að velja okkur tómsundir eftir efni og áhuga en margt er í boði og kemur til greina ef við bara leitum eftir því. Sem dæmi um tómsundir og afþreyingu fyrir litla hópa sem kostar lítið eða ekkert: Flokkun á sögulegu efni heyrnarlausra, vínsmökkun ýmiss konar, hreyfing og líkamsrækt,

kynning á tækninýjungum, sameiginlegir gönguhópar, lestrarhópar, tungumálanám (ASL eða erlend táknmál) og skipulagðar heimsóknir eldri döff til hver annars. Margt er hægt að gera og panta táknmálstúlk í hinar ýmsu tómsundir.

En hvað gerir Asger Bergmann sjálfur?

Hann hefur haft frumkvæðið af skipulögðum lestrarhóp þar sem 7 döff lesa sömu bókina og hittast svo til að ræða hana. Reynt er að hittast fjórum sinnum á ári og lesa fjórar bækur yfir árið. Einnig er hann í vínklúbb með fimm döff sem hittast í mat og vínsmökkun en klúbburinn hefur ferðast til Spána, Frakklands og Ítalíu saman. Hann hefur stundað stafgöngu undir leiðsögn sjúkraþjálfara en mikilvægt er fyrir eldri fólk að hreyfa sig reglulega. Asger hefur boðið nágrannakonu sinni sem er 82 ára í eftirmiðdagskaffi og haft með túlk svo þau geti talað saman. Mjög sniðug leið til að kynnast nágrönnunum betur og fá upplýsingar um hvað er að gerast í hverfinu.



Hvað gerir líf aldraðra gott?

Við þess konar spurningu er ekkert eitt svar rétt en til að gera líf okkar betra verðum við að taka ábyrgð og leita að því sem veitir okkur lífsfyllingu. Gott er að spyrja sig nokkurra spurninga. Er ég ánægður með eldri borgara líf mitt eins og það er? Er eitthvað sem ég sakna úr mínu hversdagslífi? Hvað get ég gert til að bæta það sjálfur? Félög tengd heyrnarlausum geta hjálpað með því að bjóða upp á afþreyingu með túlkum. Heimsókn á söfn og sýningar, kaffihúsaferðir og spilakvöld sem er tilvalinn vettvangur til að hitta aðra döff eldri borgara. Það er samt undir hverjum og einum komið að nýta sér það sem er í boði. Gott væri að eldri döff myndu láta Félag heyrnarlausra vita ef það eru séróskir um tómsundur það yrði án efa vel tekið í þær hugmyndir og reynt eftir fremsta megni að verða við þeim óskum.



FOSS
LÖGMENN | FJÁRMÁL



Foss lögmennt slf. • Langholtsvegur 111 • fosslogmenn@fosslogmenn.is • +354 537 5111

Snædís Björt Guðmundsdóttir

„Snæja - Arctic beast“

Á vordögum 2019 birtust fimm eftirtektarverðar myndir á heimasíðu Félags heyrnarlausra og víðar. Myndirnar voru blanda af dýrum og táknum fyrir hið tiltekna dýr. Listamaðurinn Snædís Björt Guðmundsdóttir á heiðurinn af þessu framtaki en hún er fædd árið 2001 og stundar nám við Menntaskólann við Hamrahlíð. Við vildum heyra meira í Snædís um hennar listsköpun og tókum hana tali.



Snædís Björt Guðmundsdóttir listamaður.

Hvenær byrjaðir þú Snædís að teikna myndir undir „Arcticbeast“ listanafninu?

Ég hef verið að mála og teikna myndir síðan í grunnskóla en bjó til Instagram síðuna mína fyrir nokkrum árum og nota listanafnið „Arcticbeast“ til kynningar á myndunum mínum.



Hver eru þín framtíðarplön?

Ég hef engin ákveðin plön en er að spá í að fara í Ál háskólann í Noregi eftir útskrift frá MH.

Eitthvað að lokum fyrir lesendur?

Endilega kíkið á síðuna mína á Instagram, „arctic.beast“.

Við vonum svo sannarlega að við fáum fleiri táknmyndir frá Snædís. Að herma eftir tákni úr hverri mynd sýnir fólki hvernig táknið endurspeglar dýrin sem þau eiga við á skemmtilega myndrænan hátt.

Þið ættuð að prufa!

Hvernig vildi það til að þú byrjaðir að búa til þessar táknmyndir?

Félag heyrnarlausra hafði samband við mig og bað mig um að hanna og teikna myndir sem sýna tákn í notkun. Þannig urðu þessar dýrmyndir til.

Verður framhald á þessum dýrmyndum hjá þér? Þú gætir kannski búið til myndabók?

Mögulega myndi ég gera fleiri svona myndir og kannski selja.



HVERT LANGAR ÞIG AÐ FARA?



Leyfðu tímanum að líða á ljúfu nóttunum. Hvort sem þú nýtur þín best á götukaffihúsi, sólarströnd eða verslunargötum er svo sannarlega kominn tími til þess að skipta um umhverfi og njóta lífsins á nýjan hátt.

Minna í snúða – meira í bíó?



arionbanki.is

Þægilegri bankaþjónusta **Arion banka**

